

# Ársskýrsla safnaráðs 2023



# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Ávarp framkvæmdastjóra.....	5
I. Safnaráð - hlutverk og ráðsmenn .....	7
Hlutverk ráðsins.....	7
Ráðsmenn og framkvæmdastjóri .....	8
Aðalfulltrúar .....	8
Varafulltrúar .....	8
Fyrir hönd höfuðsafna.....	8
Framkvæmdastjóri og sérfræðingur safnaráðs.....	8
II. Starf ráðsins á árinu 2023 .....	9
Starfsemi safnaráðs.....	9
Fundir ráðsins.....	9
Skrifstofa safnaráðs .....	10
Vefsíða og samfélagsmiðlar.....	10
Stefnumörkun um safnastarf - Aðgerðaráætlun .....	11
Önnur verkefni og viðburðir safnaráðs.....	14
Úthlutunarboð safnaráðs.....	14
Málþing og alþjóðlegi safnadagurinn .....	15
Haustferð safnaráðs - Suðurland og Vestmannaeyjar .....	16
Farskóli FÍSOS 2023 - Fagraðstefna safnafólks.....	17
Economic Forum í Póllandi.....	18
Viðtal í Faro.....	19
Árlegt jólaboð Gimli .....	19
Samstarfsverkefni safnaráðs.....	20
MOI! Museums of Impact.....	20
Samstarf safnaráðs, ICOM á Íslandi og FÍSOS .....	22
Samstarf við Hagstofu Íslands um tölfræðiupplýsingar um söfn.....	22
Uppgjör safnaráðs 2023.....	23
Framlög til sjóðs og ráðs 2002 - 2023 .....	24
III. Viðurkennd söfn .....	25
Skilmálar viðurkenningar safna.....	25
Stofnskrár viðurkenndra safna .....	26
Listi yfir viðurkennd söfn 2023.....	27
IV. Safnasjóður 2023 .....	29
Um safnasjóð.....	29

Aðalúthlutun úr safnasjóði 2023.....	29
Styrkir til eins árs.....	30
Öndvegisstyrkir .....	31
Aukaúthlutun úr safnasjóði 2023.....	31
Mat umsókna.....	32
Umsóknavefur safnasjóðs .....	32
Úthlutanir úr safnasjóði 2023.....	32
Öndvegisstyrkþegar 2023 - 2025 .....	33
Listi yfir úthlutanir úr safnasjóði 2023.....	36
Greining á úthlutun úr safnasjóði 2023 .....	44
Skipting eftir úthlutunum.....	44
Hvernig starfsemi styrkti safnasjóður 2023? .....	44
V. Eftirlitshlutverk safnaráðs.....	45
1. hluti eftirlits - Eftirlit með rekstri safns.....	45
2. hluti eftirlits - Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum .....	45
Viðurkennd söfn sem hafa lokið 2. hluta eftirlits safnaráðs.....	47
3.hluti eftirlits - Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum .....	48
Nýting styrkja úr safnasjóði .....	48
Viðbragðsáætlanir fyrir safnkost.....	49

# Ávarp framkvæmdastjóra



Starf safna er yfirgripsmeira en flesta grunar. Gestur sem heimsækir safn, sér bara hluta ísjakans, þann sem stendur upp úr; sýningar og miðlun. Fæstir átta sig á þeirri fjölbreyttu vinnu sem liggur að baki sýningum. Einungis lítill hluti (stundum bara örlítill) safnkosts hvers safns er til sýnis á hverjum tímapunkti en á bak við hvern sýndan safngrip - og alla þá sem eru varðveittir - liggur gríðarlega mikil vinna; það þarf að forverja safngripinn, rannsaka hann og skrá, varðveita hann og fræða fólk um hann. Þá er það viðvarandi verkefni að afla nýrra safngripa sem bæta einhverju við safnkostinn og hnyta hann saman.

Hlutverk safna og safnafólks er þó einkum að skila safnkosti og þekkingu til barna framtíðar svo þau geti skilið fortíðina betur og vonandi lært af henni, svo þau endurtaki ekki mistök fortíðar og geri heiminn betri og opnari með leiðum sem hjálpa þeim að skilja hvert annað.

Starfsfólk safna er takmarkalaus auðlind og mér finnst ég vera lánsöm að fá að starfa að svo mikilvægum málaflokki með fróðu fólki um allt land og víða um heim. Kraftaverkafólki sem brennur fyrir starf sitt og nær að margfalda það fé sem það hefur yfir að ráða með sköpunargleði, fagmennsku og útsjónarsemi að leiðarljósi. Öll þessi margbreytilegu söfn; minjasöfn, listasöfn, náttúrufræðisöfn, blönduð söfn, sjóminjasöfn, grasagarðar svo eitthvað sé nefnt, eru samfélaginu nauðsynleg, þau eru fræðandi og gefandi. Auk þess eru þau samfélagsstofnanir, sem taka tillit til samtímans, eru sveigjanlegar, taka breytingum, söfn bæta samfélög og bjóða öll velkomin.

Úthlutanir úr safnasjóði bera grósku safnastarfs á Íslandi gott vitni. Árið 2023 var úthlutað alls 234.310.000 kr. úr sjóðnum og er það næsthæsta úthlutun frá upphafi, einungis einu sinni hefur verið úthlutað hærri upphæð; á Covid-19 árinu, 2020. Nær helmingur styrkfjárins fór til fjölbreyttrar miðlunar safna og tæp 40% fór í eflingu faglegs starfs safnanna.

Eins árs styrkir voru 101 talsins til 50 styrkþega, að heildarupphæð 136.510.000 kr. Veittir voru 5 Öndvegisstyrkir fyrir árin 2023-2025, heildarupphæð fyrir allan styrktímann er 49.500.000 kr. Öndvegisstyrkir fyrir árin 2021-2023 og 2022-2024 voru 14 talsins að heildarupphæð 71,1 milljón króna fyrir árið 2022. Öndvegisstyrkir fyrir árin 2020-2022 og 2021-2023 voru 23 talsins að heildarupphæð 50,5 milljónir króna fyrir árið 2023. Úthlutanir eru ávallt með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs.

Á liðnum árum hafa íbúar heimsins verið harkalega minntir á að samtíminn getur orðið vígvöllur átaka sem hafa skelfilegar afleiðingar fyrir samfélög - og söfn eru þar ekki undanskilin. Öfl sem vilja kúga aðrar þjóðir og ræna þau sjálfsmýnd sinni og samstöðu, eyðileggja gagnert í þeim tilgangi söfn og menningarminjar. Þannig hafa Rússar, frá upphafi innrásarinnar í Úkraínu, eyðilagt a.m.k. 31 safn (upplýsingar frá UNESCO frá í febrúar 2024) og í Palestínu hafa Ísraelsmenn eyðilagt a.m.k. 12 söfn frá upphafi stríðs (upplýsingar frá palestínska menningarráðuneytinu frá í febrúar 2024).

Ísland hefur nýverið staðfest Haag-samning UNESCO frá 1954 um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka. Hér á landi hafa ógnir annars eðlis minnt allrækilega á sig á síðustu árum, ógnir af náttúru- og loftslagsvöldum, s.s. eldsumbrot og jarðskjálfta. Til að uppfylla samninginn þurfa íslensk söfn að hafa viðbragðsáætlanir sem nýta má til undirbúnings aðgerða vegna margskonar ógna. Slík vinna er þegar hafin í nokkrum söfnum undir forystu safnaráðs.

Þetta er mikilvægt verkefni því safnkostur íslenskra safna, sem og heimsins, endurspeglar sögu og menningu þeirra samfélaga sem hafa búið á jörð og hann verður að vernda með ráðum og dáð. Þar er starfsfólk safna í lykilhlutverki, það er gæslufólk fortíðar og samtíma okkar - fyrir framtíðina.

Þóra Björk Ólafsdóttir  
Framkvæmdastjóri safnaráðs



# I. Safnaráð - hlutverk og ráðsmenn

## Hlutverk ráðsins

Safnaráð er stjórnarsýslunefnd sem skipuð er af menningarráðherra til fjögurra ára í senn samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa, Félag íslenskra safna og safnmanna einn fulltrúa og Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) einn fulltrúa. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi nefndarmanna. Forstöðumenn höfuðsafna sitja fundi safnaráðs stöðu sinnar vegna.

Meginhlutverk safnaráðs er að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu, vinna að stefnumörkun um safnastarf, fjalla um stofnskrár og viðurkenningar safna og veita umsagnir um styrkumsóknir í safnasjóð.

Safnaráð hefur eftirfarandi hlutverk samkvæmt 7. gr. safnalaga nr. 141/2011:

- a. að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu,
- b. að vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er ráðherra til samþykktar,
- c. að fjalla um stofnskrár eða samþykktir safna og staðfesta þær,
- d. að fjalla um viðurkenningu safna og afturköllun viðurkenningar áður en tillögur þar að lútandi eru sendar ráðherra,
- e. að setja skilmála um húsnæði safna, þar á meðal staðla um aðgengi, og öryggismál þeirra,
- f. að setja skilmála um staðla fyrir skráningarkerfi safna og viðurkenningu á skráningarkerfum,
- g. að veita viðkomandi höfuðsafni umsögn um erindi er varða ráðstöfun eða förgun safngripa,
- h. að leggja mat á þörf fagsviðs eða landsvæðis fyrir sérstakt ábyrgðarsafn og fjalla um tillögu þar að lútandi áður en höfuðsafn sendir hana ráðherra,
- i. að setja safnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
- j. að veita umsögn um styrkumsóknir úr safnasjóði,
- k. að sinna öðrum verkefnum á sviði safnamála samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

## Ráðsmenn og framkvæmdastjóri

Núverandi safnaráð var skipað í janúar 2021 og mun starfa til 30. janúar 2025.

### Aðalfulltrúar

Formaður, skipaður af menningarráðherra án tilnefningar:  
Vilhjálmur Bjarnason.

Varaformaður, skipaður af menningarráðherra án tilnefningar:  
Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir.

Fulltrúi, skipaður af Sambandi íslenskra sveitarfélaga:  
Inga Lára Baldvinsdóttir sagnfræðingur.

Fulltrúi, tilnefndur af Félagi íslenskra safna og safnmanna:  
Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri.

Fulltrúi, tilnefndur af Íslandsdeild ICOM, Alþjóðaráðs safna:  
Helga Lára Þorsteinsdóttir, safnafræðingur og safnstjóri RÚV safns.

### Varafultrúar

Skipaðar af ráðherra án tilnefningar: Valborg Snævarr og Svanhvít Friðriksdóttir.  
Sigurður Trausti Traustason, tilnefndur af Íslandsdeild ICOM, Alþjóðaráðs safna.  
Gunnþóra Halldórsdóttir, tilnefnd af Félagi íslenskra safna og safnmanna.  
Anna Guðrún Björnsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

### Fyrir hönd höfuðsafna

Fyrir Þjóðminjasafn Íslands: Harpa Þórsdóttir þjóðminjavörður.  
Fyrir Listasafn Íslands: Ingibjörg Jóhannsdóttir safnstjóri.  
Fyrir Náttúruminjasafn Íslands: Hilmar Malmquist forstöðumaður.

### Framkvæmdastjóri og sérfræðingur safnaráðs

Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri - viðskiptafræðingur BSc., safnafræðingur MA.

Klara Þórhallsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu safnaráðs - BA í myndlist, diplóma í kennslufræðum.





## II. Starf ráðsins á árinu 2023

### Starfsemi safnaráðs

#### Fundur ráðsins

Safnaráð hélt alls tíu fundi á árinu. Fundargerðir safnaráðs eru aðgengilegar á vef ráðsins.<sup>1</sup>

#### Eftirfarandi fundir voru haldnir árið 2023:

- 220. fundur safnaráðs – 17. janúar 2023, haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu
- 221. fundur safnaráðs – 2. mars 2023, haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu
- 222. fundur safnaráðs – 17. apríl 2023, haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu
- 223. fundur safnaráðs – 11. maí 2023, haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu
- 224. fundur safnaráðs – 7. júní 2023, haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu
- 225. fundur safnaráðs – 11. september 2023, haldinn á Keldum, í tengslum við haustferð safnaráðs
- 226. fundur safnaráðs – 9. október 2023, haldinn í stofu Kristjáns Eldjárns í Þjóðminjasafninu
- 227. fundur safnaráðs – 7. nóvember 2023, haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu
- 228. fundur safnaráðs – 4. desember 2023, haldinn á Teams
- 229. fundur safnaráðs – 13. desember 2023, úthlutunarfundur aðalúthlutunar 2024, haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu

---

<sup>1</sup> Sjá fundargerðir safnaráðs: <https://safnarad.is/um-safnarad/fundargerdir/arid-2023/>

### Skrifstofa safnaráðs



Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs

Safnaráð rekur skrifstofu og framkvæmdastjóri og sérfræðingur safnaráðs sjá um allt er lýtur að rekstri hennar; veita innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um safnamál, undirbúa og halda utan um umsóknarferli í safnasjóð, skipuleggja eftirlit safnaráðs og eftirfylgni vegna þess, halda utan um starfshópa safnaráðs, sinna vefsíðu, Facebook-síðu, viðburðum og útgáfu, undirbúa ákvarðanir og fundi og sinna framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Starfsmenn safnaráðs eru tveir, Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri í 100% starfshlutfalli og Klara Þórhallsdóttir sérfræðingur í 70% starfshlutfalli.

Skrifstofa safnaráðs er í Gimli, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík, en ráðið leigir skrifstofuaðstöðu af Listahátíð í Reykjavík. Upplýsingatækniþjónusta er keypt af Origo og Advania, hjá Origo er það Microsoft 365, FocalForms umsóknakerfi auk þess sem eldra skjalakerfi ráðsins er hýst þar. Advania heldur utan um EasyCases, skjalakerfi safnaráðs.



Klara Þórhallsdóttir, sérfræðingur hjá safnaráði


Á árinu 2024 verða upplýsingatækni kerfi ráðsins færð undir Umbru, þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins, sem sinnir upplýsinga- og tæknimálum og ýmsum sameiginlegum rekstrarþáttum ráðuneytanna, að hluta eða í heild, með það að markmiði að stuðla að hagkvæmni í rekstri. Umbra heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið.

### Vefsíða og samfélagsmiðlar



Vefsíða safnaráðs, <https://safnarad.is/>, er rekin í WordPress kerfi. Viðhaldi og ritstjórn er sinnt af framkvæmdastjóra og sérfræðingi safnaráðs.

Vefsíðan er uppfærð reglulega og á henni birtast allar fréttatilkynningar, auglýsingar og fundargerðir sem ráðið sendir frá sér. Síðan er upplýsingaveita um starfsemi ráðsins en þar er einnig að finna tengil á umsóknavef safnaráðs sem og skilmála og reglur sem snúa að umsóknum til ráðsins. Safnaráð heldur einnig úti síðum á samfélagsmiðlum [Facebook](#) og [Instagram](#), þar sem helstu upplýsingar eru birtar varðandi starfsemi ráðsins.



## Stefnumörkun um safnastarf – Aðgerðaráætlun

Samkvæmt safnalögum er eitt hlutverk safnaráðs að vinna að [Stefnumörkun um safnastarf](#). Hún var unninn í samstarfi við höfuðsöfnin og samþykkt af ráðherra 2020. Þetta er fyrsta útgefna stefnumörkunin um safnastarf sem er samþykkt af ráðherra og kynnt fyrir ríkisstjórn en hún nýtist til að skilgreina verkefni og ná utan um ábyrgð safna, eigenda þeirra og eftirlitsaðila. Í kjölfarið var hafist handa við framkvæmdahlutann eða [Aðgerðaráætlun](#). Hún var unnin í víðtæku samstarfi safnaráðs við safnafólk og höfuðsöfnin, þar sem forstöðumenn þeirra fóru fyrir verkefninu; Harpa Þórsdóttir Þjóðminjavörður, Þjóðminjasafni Íslands, Hilmar Malmquist forstöðumaður, Náttúruminjasafni Íslands og Ingibjörg Jóhannsdóttir safnstjóri, Listasafni Íslands.



Í Aðgerðaráætluninni, líkt og í stefnumörkuninni, var haft ítarlegt samráð við hagaðila, bæði með fundarhöldum og kynningum undir verkstjórn Jóhönnu Símonardóttir frá ráðgjafarfyrtækisinu Sjá. Undirbúningur hófst með vinnustofu í farskóla FÍSOS (Félag íslenskra safna og safnamanna) í október 2021 í Stykkishólmi. Á haustmánuðum 2022 var skipaður starfshópur til að vinna frekar að aðgerðaráætluninni en hann skipuðu átta manns; fulltrúar höfuðsafna og viðurkenndra safna auk fulltrúa safnaráðs. Lögð var áhersla á að aðgerðirnar myndu endurspegla sjö meginmarkmið *Stefnumörkunar um safnastarf*.

Þegar þeirri vinnu lauk, var áætlunin unnin áfram í samstarfi við safnstjóra höfuðsafnanna og farið yfir hugmyndir sem komu frá vinnustofu og starfshópnum, þeim var forgangsraðað og lagt raunhæft mat á verkefnin með tilliti til tímaramma áætlunarinnar.

Samfélagslegt hlutverk safna er í brennidepli um þessar mundir. Söfn eru fyrir alla og allir hópar samfélagsins eiga að upplifa sig velkomna á söfnum, bæði sem virkir þátttakendur og gestir. Skýr stefna, bæði hjá söfnum og stjórnvöldum, er ein af forsendum þess að hlutverk safna, markmið þeirra í rekstri og víðtæk áhrif safna í samfélaginu séu sýnileg.

### Lykilþættir

Í aðgerðaráætluninni eru sex aðalaðgerðir en til grundvallar eru fimm lykilþættir sem tryggja að aðgerðirnar gangi þvert á markmið stefnumörkunarinnar. Aðgerðirnar geta tengst einum eða fleirum þáttum. Lykilþættirnir fimm eru:

- ✓ Rekstraröryggi
- ✓ Efling þekkingar innan safna
- ✓ Faglegur aðbúnaður safnkosts
- ✓ Tengsl við samfélagið
- ✓ Sjálfbærni og varðveisla til framtíðar

## Aðalaðgerðir

Í aðgerðaráætluninni eru sex megináðgerðir sem vinna að markmiðum stefnunnar og leggja jafnframt línurnar um áherslumál til næstu þriggja ára. Gildistími þessarar fyrstu aðgerðaráætlunar er 2023-2026. Að þeim tíma liðnum verður hún endurskoðuð og ný aðgerðaráætlun unnin. Hér er stiklað á stóru í aðgerðunum:

### 1. Söfn fyrir öll - kynning á safnastarfi

Hér er fjallað um mikilvægi þess að huga að jöfnu aðgengi allra að menningar- og náttúruarfinum. Lögð er áherslu á að söfn eru fyrir öll, eru inngildandi og endurspeгла fjölmenningu í landinu. Söfn eru hvött til að vera sýnileg og efla tengsl við nærsamfélagið um málefni líðandi stundar. Þá er brýnt að huga að samvinnu innlendra og alþjóðlegra stofnanna og unnið verður markvisst að kynningarmálum safna í sameiginlegri áætlun og samstarfi við helstu hagaðila.

### 2. Efling innviða

Safnaráð er mikilvægur hlekkur í menningarstjórnsýslu landsins. Efling innviða felst í að styrkja safnastarfið í landinu. Þar er eftirlitshlutverk safnaráðs mikilvægt tæki til að auka samvinnu, styðja við faglegt safnastarf og skerpa á ábyrgð eigenda með eigendastefnu. Skýr eigendastefna ásamt öflugum eftirliti safnaráðs eykur gæði í safnastarfi.

### 3. Faglegt starf - undirstaða verndunar menningar- og náttúruarfs

Stefnur safna þurfa að endurspeгла faglegt starf þeirra. Huga verður að framtíðarskráningarkerfi safna á Íslandi, tryggja að söfn hafi sérhæfð varðveislurými og skoða mögulega samvinnu um varðveislurými. Lögð verður áhersla á að skrá og rannsaka safnkost, sér í lagi þann sem gæti talist í hættu, t.d. af völdum loftslags- og náttúruvárs, og forgangsraða því sem skal verja.

### 4. Varðveisla þekkingar og samstarf safna

Fagkunnátta á ýmsum sviðum í safnastarfi er mikil og kjörið að deila þeirri þekkingu sem til verður. Þekkingargátt er vefsvæði þar sem hægt er að deila handbókum og fróðleik, slík gátt gæti orðið að öflugum tæki til að samnýta reynslu og þekkingu sem verður til í safnastarfi.

### 5. Fræðsluhlutverk safna

Hefð er fyrir öflugum fræðslustarfi safna í samstarfi við öll stig menntakerfisins. Leita þarf leiða til að efla fræðslustarfið enn frekar með áherslu á að auka vægi náttúru- og menningararfsins í menntun. T.d. með því að efla tengsl við háskóla- og fræðasamfélagið og tryggja gott aðgengi að safnkosti, vinna að sameiginlegum rannsóknum, starfsnámi og aðkomu að kennslu.

### 6. Þekkingarsköpun á söfnum og fræðastörf

Öll þekkingarsköpun er grunnur að fræðilegu rannsóknarstarfi. Einn af grundvallarþáttum í starfi safna eru rannsóknir og miðlun á niðurstöðum þeirra. Því er mikilvægt að auðvelda aðgang að frumgögnum til að styðja við rannsóknarstarf og tryggja að varðveisla frumgagna og skráning sé í samræmi við kröfur skráningarstaðla. Samstarf við háskólana og fræðasamfélagið um rannsóknir, starfsnám og verkefni er hagur allra aðila og skilar nýrri þekkingu.

Sumar aðgerðirnar hafa víða skírskotun í stefnumörkuninni og margar aðgerðir hafa þegar komið til framkvæmdar. Það er mikilvægt að draga fram það góða starf sem er nú þegar unnið í söfnum, vekja á því athygli og hlúa að því.

## Formáli og undiraðgerðir

Undiraðgerðir eru aðgerðir sem eru undir aðalaðgerðunum og geta verið 2-5 atriði við hverja aðgerð. Við hverja aðgerð er formáli til að tryggja sameiginlegan skilning á hugmyndinni sem liggur á bak við aðgerðina. Mörgum aðgerðum eru söfn nú þegar að vinna að og ekkert eitt safn getur uppfyllt allar aðgerðir en söfnin í heild geta það auðveldlega.

## Uppbygging aðgerða

Við hverja aðgerð eru einnig viðmið sem geta aðstoðað söfn að finna aðgerðum og hugmyndum réttan farveg og mögulega samstarfsaðila. Einnig er þar að finna mælikvarða, svo auðvelt sé að átta sig á því hvort aðgerðin hafi tekist og hversu vel. Þar má líka sjá hvernig aðgerð tengist markmiðum *Stefnumörkunar um safnastarf* og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

- Ábyrgðaraðilar
- Mögulegir samstarfaðilar
- Mælikvarðar
- Tenging við markmið *Stefnumörkunar um safnastarf*
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Aðgerðaráætlunin var tilbúin á vormánuðum og kynnt fyrir ráðherra þann 19. júní við góðar undirtektir. Þá var hún kynnt á Ársfundi höfuðsafnanna og safnaráðs en sá fundur fór fram 23. janúar 2024 og [má finna upptöku frá fundinum hér](#).

[Aðgerðaráætlunin er aðgengileg öllum á heimasíðu safnaráðs hér](#).

## Önnur verkefni og viðburðir safnaráðs

### Úthlutunarboð safnaráðs



Í tilefni aðalúthlutunar úr safnasjóði 2023 buðu safnaráð og Lilja Alfreðsdóttir menningarráðherra til fagnaðar í Myndasal Þjóðminjasafnsins að Suðurgötu 41, mánudaginn 13. febrúar milli kl. 15:30-17:30.

Menningarráðherra hélt stutta tölu og afhenti styrkþegum eins árs styrkja og Öndvegisstyrkja 2023 í aðalúthlutun safnasjóðs 2023 viðurkenningskjöl, boðið var upp á léttar veitingar og ljúfa tóna. Heildarstyrkupphæð í aðalúthlutun

safnasjóðs 2023 nam 153.010.000 krónum og með Öndvegisúthlutunum frá 2021-2023 og 2022-2024 var heildarupphæðin 209.510.000 kr.



Mynd 1 - Styrkþegar samankomnir

Styrkir til eins árs voru 101 talsins að heildarupphæð 136.510.000 kr. til 50 styrkþega.

Öndvegisstyrkir 2023-2025 til viðurkenndra safna voru fimm talsins og skiptast svo: Fyrir árið 2023 kr. 16.500.000, fyrir árið 2024 kr. 21.500.000 og fyrir árið 2025 kr. 11.500.000. Heildarupphæðin fyrir allan styrktímann er 49.500.000 kr. Úthlutanir fyrir árin 2024 og 2025 eru veittar með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs. Öndvegisstyrkir 21-23 og 22-24 fyrir árið 2023 voru alls 56.500.000 kr.

Í aðalúthlutun safnasjóðs 2023 bárust sjóðnum alls 155 umsóknir frá 50 aðilum; 47 viðurkenndum söfnum, tveimur félagasamtökum og einum einstaklingi. 143 umsóknir bárust um styrki til eins árs að heildarupphæð 258.491.662 kr. og 12 Öndvegisumsóknir bárust að heildarupphæð 137.650.000 kr. fyrir allan styrktímann 2023 - 2025 og fyrir árið 2023 43.830.000 kr.

Í aðalúthlutun safnasjóðs 2023 bárust sjóðnum



Mynd 2 - Handhafar Öndvegisstyrkja 2023, ásamt Lilju Alfreðsdóttur menningarráðherra, Vilhjálmum Bjarnasyni formanni safnaráðs og Þóru Björk Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra safnaráðs

## Málþing og alþjóðlegi safnadagurinn



Á ári hverju er [Alþjóðlegi safnadagurinn](#) haldinn hátíðlegur 18. maí í samstarfi [FÍSOS](#) og [Íslandsdeildar ICOM](#) með öflugum stuðningi frá [safnaráði](#) og söfnunum í landinu. Markmiðið með deginum er að kynna og efla safnastarf á Íslandi en þá eru söfn hvött til að standa fyrir viðburðum og jafnvel er ókeypis aðgangur í tilefni dagsins.

Að þessu sinni var haldið málþing í aðdraganda Alþjóðlega safnadagsins undir yfirskriftinni *Söfn, sjálfbærni og vellíðan*, sem jafnframt var þema dagsins.

Málþingið var haldið í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands þriðjudaginn 16. maí kl. 13:00-16:00 en að því loknu var boðið upp á léttar veitingar í Myndasal safnsins. Á dagskránni voru erindi sem varpa ljósi á ýmis verkefni og fjölbreytt starf safna til að stuðla að aukinni sjálfbærni og vellíðan í samfélaginu. Málþinginu var einnig streymt í gegnum Facebook<sup>2</sup>.

### Dagskrá:

13:00 – Málþing sett

13:05 – Lykilfyrirlestur: *Söfn og vellíðan*. Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræði við Háskóla Íslands, og Halldóra Arnardóttir listfræðingur.

*„Í þessu opnunarerindi verður rætt um tengsl safna við hugtakið vellíðan. Sérstaklega verður vikið að rannsóknarverkefninu Inclusive Memory sem snýr meðal annars að því að skoða með hvaða hætti söfn þurfa að huga að vellíðan gesta sinna.“*

13:30 – *Tökum höndum saman: Söfn og jaðarhópar*.

Halla Margrét Jóhannesdóttir, verkefnastjóri miðlunar, Listasafni Reykjavíkur, og Hlín Gylfadóttir, verkefnastjóri samfélagsverkefna og safnfræðslu, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

13:50 – *Þekkingarbrunnur eldri kynslóða: Samvinnuverkefni um greiningu gamalla ljósmynda*. Edda Björk Jónsdóttir, sérfræðingur á sviði fræðslu og miðlunar, Síldarminjasafni Íslands.

14:10 – *Komd'inn – ㅁㅁㅁㅁ – proszę wejdz – come in: ráðgjafahópur og viðburðadagskrá í Gerðarsafni*. Þórhildur Tinna Sigurðardóttir listfræðingur.

14:30 – Hlé.

14:40 – Lykilfyrirlestur: *Í sautján horn að líta hjá söfnum: Sjálfbærni, sjálfbær þróun og heimsmarkmið*. Bergsveinn Þórsson, dósent við Háskólann á Bifröst.

<sup>2</sup> Sjá tengil á viðburð með upptökunni hér:

[https://www.facebook.com/watch/live/?ref=watch\\_permalink&v=1238948480314947](https://www.facebook.com/watch/live/?ref=watch_permalink&v=1238948480314947)

„Hver eru samlegðaráhrif sjálfbærni og faglegs starfs safna? Geta söfn stutt við heims-  
markmið Sameinuðu þjóðanna? Í fyrirlestrinum verður rýnt í hlutverk safna í sköpun sjálfbærrar  
fram tíðar íslensks samfélags.“

15:05 – Viðnám: *Samspil myndlistar og sjálfbærni*. Ragnheiður Vignisdóttir fræðslustjóri,  
Listasafni Íslands.

15:20 – *Tækniminjasafn Austurlands: Sjálfbær endurreisn? Þrjú raundæmi*.  
Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir safnstjóri, Tækniminjasafni Austurlands.

15:40 – *Sjálfbærni og starfsemi Grasagarðs Reykjavíkur*. Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðu-  
maður Grasagarðs Reykjavíkur.

16:00 – Málþingi slitið – boðið upp á léttar veitingar í Myndasal.

## Haustferð safnaráðs – Suðurland og Vestmannaeyjar



Mynd 3 – Safnaráð og starfsfólk safnaráðs, safnstjórar Þjóðminjasafnsins og Listasafns Íslands ásamt gestgjafanum, Andra Guðmundssyni, safnstjóra Byggðasafnsins á Skógum



Í september fór safnaráð í sína árlegu haustferð og að þessu sinni voru sótt heim Byggðasafnið í Skógum og Sagnheima, náttúru-, og byggðasafn Vestmannaeyja, auk annarra safna og sýninga. Hópurinn samanstóð af safnaráði sjálfu, forstöðumönnum höfuðsafnanna auk starfsfólks safnaráðs.

Í Byggðasafninu í Skógum tók forstöðumaður safnsins, Andri Guðmundsson, á móti safnaráði og sagði frá safninu og rekstri þess. Byggðasafnið varðveitir og sýnir menningararf Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga en þar kennir ýmissa grasa.

Í sjósóknardeild er áhugavert gripasafn sem tengist sunnlenskri sjósókn. Ein af höfuðþryði safnsins er áttæringurinn *Pétursey*, byggður 1855 en hann var í notkun allt til ársins 1946. Báturinn er sérstaklega smíðaður fyrir brimlendingar á sandfjörum Suðurlands.

Ýmsa aðra forvitnilega gripi er þar að finna, t.a.m. sérstakt númeraspjald sem var lengi yfir altari í Steinakirkju undir Eyjafjöllum. Taflan er úr kistuloki sem mun hafa verið af Indíafarinu *Het Wapen van Amsterdam* sem strandaði á Skeiðarársandi 1667. Húsaþorpið er útsýningarsvæði með fjölbreyttum húsakosti fyrri ára, allt frá torfbæjum, kirkju og til dæmigerðrar



skólabyggingar frá upphafi 20. aldar. Einnig var kíkt á bak við tjöldin sem er ekki síður áhugavert fyrir safnafólk, þ.e. að skoða varðveislurými stór og smá.



Því næst var haldið í Herjólf og siglt til Vestmannaeyja þar sem tekið var vel á móti hópnum. Safnaráð heimsótti Sagnheima/Safnahús Vestmannaeyja þar sem Sigurhanna Friðþórsdóttir, safnstjóri Sagnheima, leiddi okkur um sýningar safnsins ásamt Kára Bjarnasyni, forstöðumanni Safnahússins. Þá var varðveisluhús Sagnheima skoðað og framtíðarplön safnsins rædd. Safnaráð ræddi einnig við Írisi Róbertsdóttur bæjarstjóra Vestmannaeyjabæjar og Angantý Einars-

son, framkvæmdastjóra stjórnsýslu og fjármálasviðs um stöðu safnamála í bænum.

Hópurinn fékk einnig leiðsögn Kára Bjarnasonar um Skansinn, stafkirkjuna og Landlyst. Gestirnir skoðuðu sig um í gestastofu SeaLife Trust/Sæheima þar sem munir frá gamla náttúrugripasafninu eru til sýnis. Þar er einnig að finna heimkynni mjaldra og annarra fiska auk griðastaðar fyrir slasaða lunda, þar sem lundastofn Vestmannaeyja er til rannsóknar. Að lokum voru Eldheimar heimsóttir áður en hópurinn hélt af stað í Herjólf og heim á leið.



Mynd 4 - Frá Sagnheimum

## Farskóli FÍSOS 2023 – Fagraðstefna safnafólks



[Farskóli FÍSOS](#) fór fram í Hollandi þetta árið. Tæplega 120 farskólagestir lögðu leið sína til Amsterdam daganna 10. - 13. október en ráðstefnan er skipulögð af Félagi íslenskra safna og safnafólks. Á þessum ráðstefnum er lögð rík áhersla á að veita tækifæri fyrir mikilvæga starfsþróun og símenntun í faginu og skapa vettvang til fræðslu-, þekkingar- og tengslamyndunar. Dagskráin var afar vel skipulögð og voru 29 söfn heimsótt, enda af nógu að taka í safnaflórunni í Hollandi. Þá var boðið upp á 35 mál- og vinnustofur þar sem sérfræðingar á sínu sviði stýrðu umræðum og voru til viðtals. Flest safnanna eru staðsett í Amsterdam en einnig gátu þátttakendur valið um að heimsækja Amersfoort eða Utrecht, söfn í Leiden, den Haag eða Rotterdam. Tveir aðalfyrirlesarar fluttu erindi á *Rijksmuseum* í Amsterdam; annars vegar Harm Stevens, forvörður og sýningarstjóri í sagnfræðideild og hins vegar Annemies Broekgaarden, deildarstjóri miðlunar og

fræðslu. Bæði erindin voru mjög áhugaverð.

Söfnin voru afar fjölbreytt; borgarsögusöfn, listasöfn, járnbrautarsafn, klukkusafn, vísindasafn og mannfræðisafn, svo eitthvað sé nefnt. Einnig voru framúrsteftuleg varðveislurými skoðuð þar sem safneignir ólíkra safna eru varðveitt í húsnæði sem er sérstaklega hannað og byggt fyrir varðveislu safnminja. Sú heimsókn veitti mörgum safnmönnum innblástur.

Óhætt að segja að ráðstefnugestir hafi farið heim fullir af hagnýtum og góðum hugmyndum eftir fjölbreyttar heimsóknir og erindi sérfræðinga. Enn og aftur sannaðist hversu mikilvægt það er fyrir safnafólk á Íslandi að læra af erlendum kollegum og kynna sér starfs hætti þeirra.

Árshátíð safnafólks var á sínum stað í dagskrá farskólans með tilheyrandi dans og gleði og fór fram á ráðstefnuhótelinu Mövenpick Hotel Amsterdam City Centre. Farskólastjórn á heiður skilinn fyrir vel skipulagðan og afar áhugaverðan og innihaldsríka ráðstefnu.

## Economic Forum í Póllandi



Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs, fékk boð frá, *Foundation Institute for Eastern Studies* í Póllandi, um að sitja 32. *Economic Forum*, stærstu árlegu ráðstefnu Mið- og Austur-Evrópu um stjórn- og efnahagsmál. Ráðstefnan var haldin 5. - 7. september 2023 í Karpacz í Póllandi undir yfirskriftinni „*New Values for the Old Continent - Europe on the Threshold of Change*” (Ný gildi fyrir gamla meginlandið - Evrópa á barmi breytinga).

Dagskrá ráðstefnunnar var fjölbreytt þar sem áherslan var að mestu hagræns-, stjórnmála- og viðskiptalegs eðlis en einnig mátti finna fyrirlestra og pallborð um samfélags- og menningarleg málefni.



Mynd 5 - Þátttakendur í pallborði á 32 Economic Forum

Þóra tók þátt í pallborði með yfirskriftinni „*Do We Still Want to Use the Goods of Traditional Culture?*” "Viljum við enn að nota vörur hefðbundinnar menningar?" ásamt Tomáš Fiala, yfirmanni bókasafnsþjónustu við Miðstöð vísinda- og tækniupplýsinga í Slóvakíu, Tomasz Makowski forstjóra Þjóðarbókasafns Póllands, og Tomas Foltyn forstjóra Þjóðarbókasafns Tékklands. Dr. Katarzyna Obłąkowska stýrði áhugaverðum umræðum um síbreytilegt hlutverk menningar á stafrænum tímum.

## Viðtal í Faro



Viðtal við framkvæmdastjóra safnaráðs birtist í belgíska tímaritinu, Faro - *tijdschrift over cultureel erfgoed* 16 (2023) 2. Tímaritið fjallar um menningararf í víðu samhengi í Evrópu og er gefið út af FARO. Vlaams steunpunt voor cultureel erfgoed Faro - [Menningarminjastofnun Flæmingjaland](#)s sjá tengil á blaðið hér: [is.gd/hEWEgN](https://is.gd/hEWEgN)

## Árlegt jólaboð Gimli



Árleg jólafögnuður í Gimli fór fram 7. desember milli kl. 17.00 - 19.00 og verður síðasta jólaboð safnaráðs í Gimli þar sem skrifstofa þess mun flytja úr húsinu á næsta ári. Jólafögnuður Gimli hefur verið haldinn árlega til fjölda ára og verið vinsæll. Allir sem eru starfandi eða hafa aðsetur í Gimli koma að viðburðinum en það eru Listahátíð í Reykjavík, List fyrir alla, Studio Studio, Universal Thirst, Myndlistarmiðstöð og Safnaráð.

### Mynd 6 - Gestgjafar í Gimli

Á boðslistanum eru samstarfsmenn frá árinu sem er að líða og allt starfsfólk sem hefur starfað í Gimli. Af þessu tilefni eru sett upp ný listaverk sem eru valin af Myndlistarmiðstöð. Þetta árið voru það verk eftir listamenn sem eiga það sameiginlegt að hafa verið valdir til þátttöku í eftirsóttari vinnustofudvöl við *Künstlerhaus Bethanien* í Berlín. Verk listamannanna Önnu Júlíu Friðbjörnsdóttur, Elínar Hansdóttur, Unu Bjargar Magnúsdóttur, Steinunnar Mörtu Önnudóttur og Styrmis Arnar Guðmundssonar prýða veggina í Gimli.



Þröngir gangar, krókar og kimar í húsinu hafa ávallt skapað skemmtilega stemmningu í veislunni þar sem samstarfsfólk á breiðu sviði menningarmála fagnar árinu saman og fer yfir menningarmál líðandi stundar.



## Samstarfsverkefni safnaráðs

### MOI! Museums of Impact



Lokaskref í *MOI! Museums of Impact* verkefninu voru tekin á árinu, en verkefnið hófst 2019 og hefur Safnaráð verið þátttakandi í verkefninu frá upphafi. Verkefnið er evrópskt samstarfsverkefni, styrkt af Creative Europe sjóðnum og markmiðið er að þróa sjálfsmatsramma fyrir evrópsk söfn,

byggt á kerfi sem Finnish Heritage Agency hefur notað fyrir viðurkennd finnsk söfn.

### Opið öllum

Afrakstur verkefnisins var gefinn út í byrjun árs 2022 og er nú opið öllum á heimasíðu NEMO. Þar er hægt að finna enska útgáfa MOI ásamt öðrum tungumálum en stefnt er að því að verkefnið, leiðbeiningar og kynningarefni verði aðgengilegt á sjö tungumálum.

<https://www.ne-mo.org/about-us/resources/moi-self-evaluation-tool.html>

### MOI!-Matsramminn á íslensku



Nú hefur allt efnið verið þýtt á íslensku og er aðgengilegt á heimasíðu safnaráðs <https://safnarad.is/um-safnarad/moi-museums-of-impact/>. Hafist var handa við að þýða efnið 2022 en óhætt er að segja að þýðingarvinnan hafi ekki verið einfalt verkefni því bæði var heilmikið af nýyrðum og textinn hátt í 80 síður. Lokapýðingin var tilbúin í árslok 2022 og birt á vefnum 2023 ásamt öllum fylgigögnum. Efnið er aðgengilegt öllum og hægt að sækja það og prenta út.

MOI-matsramminn samanstendur af átta matshlutum sem innihalda alls yfir 150 staðhæfingar um safnastarf. Ýtarlegar leiðbeiningar og orðalisti fylgja svo notendur geti kynnt sér efnið og hugtök sem þar er að finna.

### Hvernig virkar MOI!?



Eins og fyrr segir er matsramminn afrakstur evrópsks samvinnuverkefnis og hann er sérsniðin að ólíkum söfnum, bæði hvað varðar stærðargráðu og samhengi. Þetta sjálfsmatskerfi er fyrst og fremst verkfæri fyrir söfn og er sérstaklega hannað til að meta á gagnrýnn hátt samfélagsleg áhrif safns, frammistöðu og starfsemi þess á ólíkum sviðum.

Hvatinn að verkefninu eru þær áskoranir sem söfn standa frammi fyrir í síbreytilegum heimi þar sem söfnum er gert að vera gildandi (e. *relevant*) og stuðla að bættri framtíð samfélaga.


Með hjálp MOI! geta söfn unnið að því að bera kennsl á styrkleika sína og jafnframt finna tækifæri til úrbóta eða til frekari þróunar. Þá er ekki síður mikilvægt í þessari MOI-sjálfsvinnu að verkefnið verði til þess að auka umræður og skapa sameiginlegan skilning á verkefnum þess safns sem nýtir sér verkfærið.

Í leiðbeiningum, sem eru nokkuð ýtarlegar, má finna útskýringar á því hvernig hægt er að nota rammann en það er undir hverju safni komið hvernig það kys að nota hann og ígrunda með hvaða hætti hann geti komið að gagni.



Það eru þrjár leiðir til að nota MOI-matsrammann. Ekki er nauðsynlegt að fara í gegnum alla matshlutana, hægt er að velja þann hluta sem safnið vill taka til greiningar eða velja þá leið sem hentar best. **Vinnubækurnar** samanstanda af átta matshlutum og eru kjarni sjálfsmatsins. **MOI taflan** getur komið sér vel til að setja hugmyndir fram með sjónrænum hætti út frá vinnubókunum. **MOI spilín** eru hugsuð sem auka-  
verkfæri, þau setja fram staðhæfingarnar á

einfaldan hátt og engin þörf er á vinnubókunum. Aðal tilgangur þeirra er að liðka fyrir umræðum innan safnsins. Allt efni; matshlutarnir, kynningarefni og leiðbeiningar ásamt töflu og spilum, er hægt að sækja á vef safnaráðs í pdf-skjölum og prenta út.



#### Eftirfarandi 11 evrópskar stofnanir eru samstarfsaðilar verkefnisins:

Finnish Heritage Agency (Museovirasto), Finnland, sem stýrir verkefninu; BAM! Strategie Culturali, Ítalía; Hellenic Ministry of Culture and Sports (gríska menningar- og íþróttamálaráðuneytið), Grikkland; Deutscher Museumsbund/NEMO Network of Museum Organisations, Þýskaland; Museum of Cycladic Art, Grikkland; Estonian National Museum/Eesti Rahva Muuseum, Eistland; Finnish Museums Association, Finnland; European Museum Academy, Holland; Safnaráð, Ísland; Stiftung Preussischer Kulturbesitz SPK, Þýskaland og MUSIS Steirischer Museumsverband, Austurríki.



Mynd 7 - MOI samstarfsaðilar á góðri stund

## Samstarf safnaráðs, ICOM á Íslandi og FÍSOS



Safnaráð, ICOM á Íslandi og FÍSOS hafa verið í samstarfi um skipulag fræðsluviðburða og verkefna um safnastarf um nokkurra ára skeið. Fundað var nokkrum sinnum yfir árið og héldu samstarfsaðilarnir í sameiningu málþing þann 16. maí 2023 - *Málþing um um söfn, sjálfbærni og vellíðan* í tilefni af Alþjóðlega safnadeginum 18. maí, sjá umfjöllun á bls. 14.

## Samstarf við Hagstofu Íslands um tölfræðiupplýsingar um söfn

Safnaráð og Hagstofa Íslands hafa verið í formlegu samstarfi um söfnun tölfræðilegra upplýsinga um safnastarf á Íslandi frá árinu 2020. Samstarfið byggir á því að Safnaráð safnar ákveðnum upplýsingum um safnastarf sem það veitir Hagstofunni aðgang að, en um er að ræða upplýsingar sem safnað er frá viðurkenndum söfnum með *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna*. Hagstofan safnar tölulegum upplýsingum um íslenskt samfélag og má finna birtar upplýsingar um [starfsemi safna á síðu Hagstofunnar undir Talnaefni](#). Safnaráð getur einnig fengið aðgang að öðrum tölfræðilegum upplýsingum um safnastarfsemi á landinu sem Hagstofan safnar.

## Uppgjör safnaráðs 2023

Árið 2023 hafði safnasjóður til umráða 273.601.742 kr. Fjárlög hljóðuðu upp á 277.700.000 kr., afskriftir voru 167.248 kr. og halli frá 2022 var - 4.514.769 kr. Að jafnaði aflar safnaráð ekki sértekna, en að þessu sinni voru tekjur ársins 249.263 kr., en það var uppgjörsgreiðsla vegna þátttöku safnaráðs í Evrópuverkefninu Museums of Impact, MOI.

Safnasjóður 2023		
	Heimild	Greitt
<b>Fjárheimildir</b>		
Fjárlög	277.000.000	
Endurmat á launaforsendum o.fl.	700.000	
Framlag til afskrifta	167.248	
<b>Tekjur</b>		
Lokauppgjör MOI	249.263	
<b>Flutt frá fyrra ári</b>		
Sjóður 2022	- 4.514.769	
<b>Samtals heimild 2023 273.601.742</b>		
<b>Kostnaður</b>		
Greidd laun, fæðispeningar, launatengd gjöld		22.782.675
Lögbundin hlutverk safnaráðs		6.329.643
Annar rekstur		6.378.870
Húsnæðiskostnaður skrifstofu safnaráðs		1.939.542
<b>Styrktilfærslur 2022</b>		
Samtals bókaðir styrkir 2023		232.630.041
<b>Samtals greitt og bókað 31. desember 2023</b>		<b>270.060.771</b>
<b>Eftirstöðvar:</b>		<b>3.540.971</b>

Samtals bókuð heildargjöld safnasjóðs 2023 voru 270.060.771 kr. og er því niðurstaða ársins afgangur uppá 3.540.971 kr., en ánægjulegt er að segja frá því að nú hefur sjóðurinn náð upp þeim halla sem myndaðist á Covid - árunum. Nokkur stór verkefni sem áttu að hefjast á árinu frestuðust eða hófust seinna en áætlað er, sem dæmi vegna viðbragðsáætlanar safna, en afganginn má að stórum hluta skýra með því, auk þess sem kostnaður við sum verkefna var eitthvað lægri en áætlað var.


Í uppgjörinu er rekstri ráðsins skipt í launagjöld, annan rekstur og lögbundin hlutverk auk styrkja úr safnasjóði, sem voru bókaðar tæpar 233 m.kr., en veittir styrkir voru rúmar 234 milljónir. Mismuninn má á stundum skýra með afþökkuðum styrkjum eða að raunstyrkveiting hafi verið lægri en styrkloforð. Launagjöld safnaráðs eru laun og launatengd gjöld vegna starfsmanna og nefndarlaun safnaráðs. Launakostnaður var alls 22,8 m.kr. árið 2023. Hækkun á milli ára má skýra með auknu starfshlutfalli sérfræðings og aukins almenns launakostnaðar.

Kostnaður vegna annars reksturs og húsnæðisreksturs var um 8,3 m.kr. en sú upphæð nær yfir allan rekstur skrifstofu safnaráðs; húsnæðiskostnað, tölvubúnað, hugbúnað og hugbúnaðarrektur, sérfræðikostnað ýmiss konar, kostnað og ferðakostnað vegna funda og starfsemi ráðsins, auglýsingakostnað vegna safnasjóðs auk kostnaðar vegna sérverkefna safnaráðs, þar með talinn kostnað vegna viðburða og útgáfu safnaráðs, ásamt öðrum ófyrirséðum kostnaði.

Kostnaður vegna lögbundins hlutverks safnaráðs árið 2023 var rúmar 6,3 m.kr. Þeir kostnaðarliðir, sem teljast til lögbundins hlutverks ráðsins, eru meðal annars eftirlit með viðurkenndum söfnum, kostnaður vegna yfirllesturs umsókna í safnasjóð auk ýmiss fræðslukostnaðar, svo sem efni fyrir vefsíðu sjóðsins.

### Framlög til sjóðs og ráðs 2002 - 2023

Safnasjóður var stofnaður með safnalögum árið 2001 og var fyrst úthlutað úr sjóðnum árið 2002. Sjóðurinn er á fjárlögum á eigin fjárlaganúmeri, 16-210, og hefur ekki aðrar tekjur að jafnaði. Taflan hér fyrir neðan sýnir þróun heildarframlaga í safnasjóð frá upphafi með tilliti til úthlutunar, í milljónum króna.







### III. Viðurkennd söfn

#### Skilmálar viðurkenningar safna

Menningarráðherra veitir safni viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Öll söfn utan höfuðsafna þurfa að sækja um viðurkenningu, vilji þau falla undir ákvæði safnalaga nr. 141/2011. Skilyrði viðurkenningar safna eru eftirfarandi samkvæmt 10. gr. safnalaga:

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.
2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs.
3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
8. Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

## Stofnskrár viðurkenndra safna

Samkvæmt safnalögum tekur safnaráð við stofnskrám til staðfestingar frá söfnum sem sækjast eftir viðurkenningu og eins ber viðurkenndum söfnum að senda stofnskrár sínar til samþykktar hjá ráðinu, ef gerðar eru á þeim breytingar. Samkvæmt safnalögum ber að birta staðfestar stofnskrár viðurkenndra safna í B-deild Stjórnartíðinda. Ein stofnskrá var send til birtingar í Stjórnartíðindum 2023 og var það stofnskrá Sagnheima, byggða- og náttúrugripasafns, vegna breytinga á stofnskránni.

Skilmálar safnaráðs fyrir viðurkenningu safna samkvæmt 10. gr. safnalaga voru staðfestir árið 2013. Auglýst er árlega eftir umsóknum um viðurkenningu og var umsóknarfrestur til 15. september 2023. Einn aðili sótti um viðurkenningu að þessu sinni, en uppfyllti ekki skilyrði til viðurkenningar.

Í samræmi við 9. gr. safnalaga fá viðurkennd söfn að nota einkennismerki safnaráðs sem er byggt á merki ráðsins, en Einar Gylfason, hönnuður hjá Leynivopninu, hannaði merki safnaráðs og annað útlit efnis sem ráðið notar. Viðurkenndum söfnum er heimilt að nota merkið í kynningu á starfsemi safnsins.



## Listi yfir viðurkennd söfn 2023

Viðurkennt safn	Tegund	Landshluti
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Byggðasafn Árnesinga	Menningarminjasafn	Suðurland
Byggðasafn Borgarfjarðar	Blönduð starfsemi	Vesturland
Byggðasafn Dalamanna	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafn Garðskaga	Menningarminjasafn	Suðurnes
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Byggðasafn Húnavetninga og Stranda- manna	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Menningarminjasafn	Suðurnes
Byggðasafn Skagfirðinga	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafn Vestfjarða	Menningarminjasafn	Vestfirðir
Byggðasafnið Görðum, Akranesi	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafnið Hvoll	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafnið í Skógum	Menningarminjasafn	Suðurland
Flugsafn Íslands	Menningarminjasafn	Norðurland
Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Gljúfrasteinn – hús skáldsins	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Grasagarður Reykjavíkur	Náttúruminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Hafnarborg	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Heimilisiðnaðarsafnið	Menningarminjasafn	Norðurland
Hvalasafnið á Húsavík	Náttúruminjasafn	Norðurland
Hönnunarsafn Íslands	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Iðnaðarsafnið, Akureyri	Menningarminjasafn	Norðurland
Kvikmyndasafn Íslands	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðis
Landbúnaðarsafn Íslands	Menningarminjasafn	Vesturland
Listasafn ASÍ	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn Árnesinga	Listasafn	Suðurland
Listasafn Einars Jónssonar	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn Háskóla Íslands	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn Reykjanesbæjar	Listasafn	Suðurnes
Listasafn Reykjavíkur	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafnið á Akureyri	Listasafn	Norðurland
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	Blönduð starfsemi	Suðurland
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Blönduð starfsemi	Norðurland
Minjasafn Austurlands	Menningarminjasafn	Austurland

Viðurkennt safn	Tegund	Landshluti
Minjasafn Egils Ólafssonar	Menningarminjasafn	Vestfirðir
Minjasafnið á Akureyri	Menningarminjasafn	Norðurland
Minjasafnið á Bustarfelli	Menningarminjasafn	Austurland
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Náttúruminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Nýlistasafnið	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Safnasafnið	Listasafn	Norðurland
Sagnheimar - Byggðasafn og Náttúrugripasafn	Menningarminjasafn	Suðurland
Sauðfjársetur á Ströndum	Menningarminjasafn	Vestfirðir
Síldarminjasafn Íslands	Menningarminjasafn	Norðurland
Sjóminjasafn Austurlands	Menningarminjasafn	Austurland
Tækniminjasafn Austurlands	Menningarminjasafn	Austurland
Veiðisafnið	Náttúruminjasafn	Suðurland



## IV. Safnasjóður 2023

### Um safnasjóð

Hlutverk og tilgangur safnasjóðs er að efla starfsemi safna með styrkjum en menningarráðherra úthlutar styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs. Viðurkennd söfn geta sótt um styrki til skilgreindra verkefna, einnig getur safnasjóður styrkt aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær. Einnig getur safnasjóður veitt styrki til alþjóðlegra verkefna sem viðurkennd söfn eru þátttakendur í. Önnur söfn, safnvísar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn.

Við úthlutun úr safnasjóði er farið eftir safnalögum nr. 141/2011<sup>3</sup> og úthlutunarreglum safnasjóðs<sup>4</sup> Einnig er fylgt<sup>5</sup> við mat á umsóknum úr safnasjóði. Ekki er sjálfkrafa gerð tillaga um styrk til allra umsækjenda sem uppfylla skilyrði laga um viðurkennd söfn heldur ráðast upphæðir og fjöldi styrkja af ráðstöfunarfé sjóðsins, fjölda og gæðum umsókna.

Að jafnaði er úthlutað úr safnasjóði tvisvar sinnum á ári, **aðalúthlutun úr safnasjóði** sem er í upphafi árs og svo **aukaúthlutun safnasjóðs** í lok árs.

### Aðalúthlutun úr safnasjóði 2023

Styrkir í aðalúthlutun safnasjóðs eru annað hvort til *eins árs* eða 2-3 ára.

**Öndvegisstyrkir.** Einungis viðurkennd söfn geta sótt um Öndvegisstyrki úr safnasjóði. Í styrkjum til eins árs er bæði hægt að sækja um styrki sem falla undir reglur um verkefnastyrki (flokkar a-h) og um styrki sem falla undir reglur um rekstrarstyrki (flokkur i).

---

<sup>3</sup> Sjá á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>

<sup>4</sup> Sjá á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/safnasjodur/uthlutunarreglur/>

<sup>5</sup> Sjá á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/safnasjodur/verklagsreglur/>

**SAFNARÁÐ  
AUGLÝSIR EFTIR  
UMSÓKNUM  
UM STYRKI ÚR** | **AÐALÚTHLUTUN  
SAFNASJÓÐS 2023**

---

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL KL. 16.00 FIMMTUDAGINN 20. OKTÓBER 2022**

Í aðalúthlutun safnasjóðs eru veittir styrkir til eins árs og til 2-3 ára.

**STYRKIR TIL EINS ÁRS**


Viðurkennd söfn geta sótt um styrki til eins árs, einnig geta viðurkennd söfn sótt um styrki í samstarfi við önnur söfn, höfuðsöfn, safnvísa, setur eða sýningar. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf.

**STYRKIR TIL 2-3 ÁRA - ÖNDVEGISSTYRKIR**

Öndvegisstyrkjum er úthlutað til 2-3 ára með fyrirvara um fjármögnun sjóðsins og hægt er að sækja um allt að 15 milljónir króna í heildarstyrk yfir styrktímann. Einungis viðurkennd söfn geta sótt um Öndvegisstyrki í safnasjóð.

Upplýsingar um safnasjóð, umsóknareyðublöð, úthlutunarreglur og leiðbeiningar má finna á vef safnaráðs, [safnarad.is](http://safnarad.is) eða hjá framkvæmdastjóra safnaráðs, Þóru Björk Ólafsdóttur, [thora@safnarad.is](mailto:thora@safnarad.is).

Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starf þeirra safna sem falla undir safnalög nr. 141/2011. Menningarráðherra úthlutar styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs.

 Safnaráð  
The Museum Council  
of Iceland

Lækjargötu 3/101 Reykjavík/Sími 534 2234/safnarad@safnarad.is/www.safnarad.is

Umsóknarfrestur fyrir aðalúthlutun safnasjóðs 2023 var 20. október 2022. Auglýst var í dagblöðum (Morgunblaðinu og Heimildinni) auk þess sem auglýsingar voru keyptar á samfélagsmiðlinum Facebook. Einnig voru tilkynningar sendar á tölvupósthópa safnaráðs, á lista safnmanna og tilkynningar voru birtar á vef safnaráðs og víðar. Safnaráð hélt stafrænan kynningarfund um aðalúthlutunina í október 2022 og var hann vel sóttur.

Hægt var að sækja um styrki til eins árs eða *Öndvegisstyrki* til 2-3 ára og úthlutaði menningarráðherra styrkjum í aðalúthlutun safnasjóðs 2023 í mars.

Yfirlit um styrki úr safnasjóði 2023 má finna í lok þessa kafla.

## Styrkir til eins árs

Viðurkennd söfn geta sótt um styrki til eins árs<sup>6</sup> auk þess sem önnur söfn, höfuðsöfn, safnvísar, setur og sýningar geta sótt um úthlutun úr safnasjóði í samstarfi við viðurkennd söfn, þar sem viðurkennda safnið er ábyrgðaraðili. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær. Verkefnastykir sem og rekstrarstyrkir eru hluti af styrkjum til eins árs.

Sótt er um einn aðalflokk styrks í styrkumsókn. Styrkflokkarnir eru níu talsins, við mat á umsóknum í öllum flokkum nema einum er fylgt eftir reglum um verkefnastyki sem fram koma í safnalögum nr. 141/2011 og úthlutunarreglum safnasjóðs nr. 551/2016. Í einum

<sup>6</sup> Sjá á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/safnasjodur/adaluthlutun-safnasjods/>

flokki, *Efling grunnstarfsemi*, er farið eftir umsóknar- og úthlutunarreglum um rekstrarstyrki sem fram koma í safnalögum nr. 141/2011 og úthlutunareglum safnasjóðs nr. 551/2016.

Flokkarnir eru:

- a. Söfnun
- b. Skráning
  - i. Skráning - almenn
  - ii. Skráning - höfundarréttur
- c. Varðveisla
- d. Rannsóknir
- e. Miðlun
  - i. Miðlun - Sýning
  - ii. Miðlun - Útgáfa
  - iii. Miðlun - Stafræn miðlun
  - iv. Miðlun - Önnur
- f. Safnfræðsla
- g. Samstarf viðurkennds safns við safnvísa, setur, sýningar, höfuðsöfn og önnur söfn sem eru rekin af ríkinu
- h. Annað

## Öndvegisstyrkir

Öndvegisstyrkir<sup>7</sup> eru styrkir sem úthlutað er til 2-3 ára með fyrirvara um fjármögnun sjóðsins. Einungis viðurkennd söfn geta sótt um Öndvegisstyrki úr safnasjóði.

Hægt er að sækja um allt að 15 milljónir króna sem dreift er yfir styrktímann. Gerðar eru kröfur um greinargóðar og vel undirbúnar umsóknir og um framlag umsækjanda. Þá er krafa um staðfestingu á öðrum styrktaraðilum og í hverju aðkoma þeirra felst (t.d. fjárframlag, vinnuframlag og til hvaða hluta verkefnis styrkurinn rennur). Þá ber að geta safnasjóðs sem styrktaraðila. Styrkþegar og safnaráð gera samning sín á milli um styrkinn og skila styrkþegar áfangaskýrslu um framvindu styrksins á ári hverju.

## Aukaúthlutun úr safnasjóði 2023

Í aukaúthlutun safnasjóðs árið 2023 gátu viðurkennd söfn sótt um styrki til símenntunarverkefna og til stafrænna kynningarmála. Umsóknarfrestur var til 30. nóvember 2023.

**Styrkir til stafrænna kynningarmála.** Tilgangur með þessum styrkjum er að efla stafræna kynningu safnanna, hvort sem það er á samfélagsmiðlum eða á eigin heimasíðum. Lögð er áhersla á að styrkurinn efli safnið sem viðkomustað fyrir gesti eða kynni starfsemi safnsins. Hægt var að sækja um styrki t.d. til að framleiða efni til birtingar (e. *content*), til að kosta birtingu, til að fá utanaðkomandi þjónustu, til að efla kynningu á samfélagsmiðlum eða heimasíðum eða til kynningar á starfsemi safnsins svo fátt eitt sé nefnt. Hámarksstyrkur var 300.000 kr.

**Styrkir til símenntunar.** Tilgangur með þessum styrkjum er að styrkja faglegt starf safnanna og efla þátt símenntunar. Fernir styrkflokkar voru í boði, *Símenntun fyrir starfsmenn safns, Vistaskipti milli safna, Námskeið/fyrirlesarar - Söfn sækja ein og svo Námskeið/fyrirlesarar-Samstarfsverkefni viðurkenndra safna*. Hámarksstyrkur var 300.000 kr. en hægt var að sækja um að hámarki 600.000 kr. til samstarfsverkefna safna vegna *Námskeiða/fyrirlesara*.

---

<sup>7</sup> Sjá á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/safnasjodur/adaluthlutun-umsoknir-til-2-3-ara-ondvegisstyrkur/>

## Mat umsókna

Í matsnefnd umsókna sitja aðalfulltrúar safnaráðs og ef aðalmaður er vanhæfur, þá vara-menn. Árið 2023 mátu umsóknir þau Vilhjálmur Bjarnason formaður, Gunnhildur Ásta Guð-mundsdóttir varaformaður og tveir aðalmenn í safnaráði, Helga Lára Þorsteinsdóttir og Inga Lára Baldvinsdóttir.

Þrjú fundir voru haldnir vegna aðalúthlutunar fyrir úthlutunarfundinn sjálfan, en fyrir auka-úthlutun var einn fundur haldinn fyrir úthlutunarfundinn.

## Umsóknavefur safnasjóðs

Sótt er um alla styrki í gegnum umsóknavef safnaráðs<sup>8</sup> auk þess sem skilaskýrslum um nýt-ingu styrkja er skilað þar. Vefsíða og eyðublöð safnaráðs eru í stöðugri þróun til að tryggja aðgengi og öryggi. Vefurinn byggir á kerfinu *FocalForms* frá Origo, það hefur verið í notkun frá árinu 2016 og hefur reynst vel. Þetta er rafrænt umsóknakerfi og til að gæta fyllsta öryggis skrá umsækjendur sig inn í gegnum Ísland.is með rafrænum skilríkjum eða Íslykli. Þessi aðgangur uppfyllir öryggisskilmála og umsjón með honum er í höndum Þjóðskrár. Kerfið er einfalt og er sá möguleiki fyrir hendi að umsækjendur geti vistað umsóknir sínar og verið með fleiri en eina umsókn í vinnslu í einu auk þess sem umsækjendur geta fundið fyrri umsóknir sínar og skilaskýrslur. Það auðveldar umsækjendum yfirlestur umsókna og samræmingu. Fyrir safnaráð er ótvíræður kostur að geta nálgast allar umsóknir og skil safna á einum stað auk þess sem hægt er að kalla fram excel-skjöl umsókna og skilaskýrslna sem auðveldar til muna alla eftirvinnu.

## Úthlutanir úr safnasjóði 2023

Heildarúthlutun úr safnasjóði 2023 var 234.310.000 kr. í tveimur úthlutunum og veittir voru alls 202 styrkir.

Í aðalúthlutun safnasjóðs árið 2023 í febrúar voru veittar alls 153.010.000 krónur í 106 styrkjum.

Veittur var 101 styrkur til eins árs að heildarupphæð 136.510.000 kr. til 50 styrkþega.

Veittir voru 5 Öndvegisstyrkir 2023-2025 til viðurkenndra safna sem skiptast svo: Fyrir árið 2023 kr. 16.500.000, fyrir árið 2024 kr. 21.500.000 og fyrir árið 2025 kr. 11.500.000. Heildarupphæðin fyrir allan styrktímann er 49.500.000 kr. Úthlutanir fyrir árin 2024 og 2025 eru veittar með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs.

Öndvegisstyrkir 2021-2023 fyrir árið 2023 voru 10 talsins og styrkupphæð fyrir árið 2023 er 31.700.000 kr. og Öndvegisstyrkir 2022-2024 fyrir árið 2023 voru 4 talsins og styrkupphæð fyrir árið 2023 samtals 18.800.000 kr.

Heildarúthlutun aðalúthlutunar með Öndvegisstyrkjum fyrri ára vegna 2023 var því alls 209.510.000 kr.

Í aðalúthlutun safnasjóðs 2023 bárust sjóðnum alls 155 umsóknir frá 50 aðilum, frá 47 viður-kenndum söfnum, tveimur félagasamtökum og einum einstaklingi. 143 umsóknir bárust um styrki til eins árs að heildarupphæð 258.491.662 kr. og 12 umsóknir um Öndvegisstyrki bárust, að heildarupphæð 137.650.000 kr. fyrir allan styrktímann 2023 - 2025, þar af fyrir árið 2023 43.830.000 kr.

---

<sup>8</sup> Sjá á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/umsoknavefur/>



Í aukaúthlutun safnasjóðs í lok árs 2023 var heildarúthlutun 24.800.000 kr. Þá var 82 styrkjum úthlutað til 37 viðurkenndra safna, 59 styrkir voru til símenntunarverkefna og námskeiðahalds og 23 styrkir til stafrænna kynningarmála.

Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins, leggur safnaráð faglegt mat á gæði verkefna og metur styrkhæfi umsókna með tilliti til verkefna og gildis þeirra fyrir safnastarf almennt. Safnaráð gerir tillögu til menningarráðherra um upphæð styrkja. Ekki er sjálfkrafa úthlutað til allra verkefna sem standast lágmarksviðmið safnaráðs heldur ráðast upphæðir og fjöldi styrkja af fjölda og gæðum umsókna. Af þessu leiðir að sumir umsækjendur fá ekki styrk úr sjóðnum.

## Öndvegisstyrkþegar 2023 - 2025

Veittir voru 5 Öndvegisstyrkir til viðurkenndra safna sem skiptast svo: Fyrir árið 2023 kr. 16.500.000, fyrir árið 2024 kr. 21.500.000 og fyrir árið 2025 kr. 11.500.000. Heildarupphæðin fyrir allan styrktímann er 49.500.000 kr. Úthlutanir fyrir árin 2024 og 2025 eru veittar með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs.

### Byggðasafn Reykjanesbæjar: Ný grunnsýning Byggðasafns Reykjanesbæjar.



Heildarstyrkur er kr. 12.000.000 og skiptist á þrjú ár (með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs); fyrir árið 2023 kr. 3.000.000, 2024 kr. 6.000.000 og lokaárið 2025 kr. 3.000.000.

Grunnsýningar á söfnum eru sýningar sem eru yfirgripsmeiri og standa yfir í lengri tíma. Á árinu 2025 verður ný grunnsýning Byggðasafns Reykjanesbæjar opnuð í Duus safnahúsum en safnið hlaut Öndvegisstyrk árið 2023. Grunnsýningunni er ætlað að draga fram sérkenni svæðisins og ráðgjafahópur skipaður íbúum kom að gerð sýningarinnar. Grunnsýningum er ætlað að standa yfir lengri tímabil og því mikilvægt að vanda þær. Lagt verður mikið upp úr umgjörð sýningarinnar, aðgengi og upplifun gesta með síkvikri safnfræðslu ásamt snjalllausnum. Auk þess verða styttri sérsýningar meðfram grunnsýningunni sem munu velta upp nýjum sjónarhornum. Grunnsýning er ákveðin fjárfesting og grunnur sem hægt er að byggja ofan á í framtíðinni. Í umsókn segir að markmiðið sé að grunnsýningin standi í allt að 20 ár. Henni verður haldið lifandi með sérsýningaáætlun sem verður unnin samhliða sýningarhandritinu. Sú áætlun fyllir þannig upp í þau skörð sem grunnsýning ein og sér nær ekki að brúa. Einnig mun safnfræðslan þróast og jafnt og þétt verður þáttum í henni breytt eða þeir bættir sem hvetur gesti til að heimsækja sýninguna oftar en einu sinni.

**Byggðasafn Vestfjarða: Endurskoðun grunnsýningar.**



Heildarstyrkur er kr. 6.500.000 og skiptist á þrjú ár (með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs); fyrir árið 2023 kr. 3.000.000, 2024 kr. 2.500.000 og lokaárið 2025 kr. 1.000.000.

Gestir Byggðasafns Vestfjarða eru afar fjölbreyttur hópur sem kallar á fjölbreyttar lausnir í sýningum safnsins og þá ekki síður fjölbreytni í efnistöfum og framsetningu, segir í umsókn. Byggðasafn Vestfjarða hlaut Öndvegisstyrk safnasjóðs árið 2023 til að endurnýja grunnsýningu safnsins. Í því felst aukin rannsóknarvinna, gerð fræðsluefnis fyrir ólíka hópa og ýmsar tæknilegar útfærslur. Áhersla er lögð á að

ramma betur inn sögu norðanverðra Vestfjarða í grunnsýningu safnsins og horfa til sögulegra þátta sem tengjast mannlífi, menningu, atvinnusögu og uppbyggingu á svæðinu.

Meginþungi sýningarinnar verður tímabilið frá miðri 19. öld og fram undir 1990 en á þeim tíma eru Vestfirðir í fararbroddi framfara í útgerð og fiskvinnslu og blómlegt menningarlíf einkennir svæðið. Hlutur kvenna verða æ stærrir af þeirri virðisdeðu sem þarna myndast og breytingarnar hafa ekki bara áhrif á stöðu karlanna og vinnuaðstæður þeirra til sjós, heldur ekki síður á stöðu konunnar og fjölskyldunnar í samfélaginu við sjóinn. Þannig verður fræðsla dýpkuð til allra skólastiga í námsefni sem jafnframt skilar sér í bættri miðlun til heimafólks og ferðamanna, innlendra og erlendra. Ætlunin er að ljúka þessari vinnu á rúmum tveimur árum og opna nýja grunnsýningu fullbúna vorið 2025.

**Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs og Náttúrufræðistofa Kópavogs: Náttúra í gegnum linsu-myndlistar.**



Heildarstyrkur er kr. 10.000.000 og skiptist á þrjú ár (með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs); fyrir árið 2023 kr. 2.000.000, 2024 kr. 4.000.000 og lokaárið 2025 kr. 4.000.000.

Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs og Náttúrufræðistofa Kópavogs hlutu Öndvegisstyrk árið 2023 fyrir verkefnið *Náttúran í gegnum linsu myndlistar*. Verkefnið, sem er unnið að fyrirmynd frá Louisiana safninu í Danmörku,

gefur börnum tækifæri til að uppgötva og rannsaka nærumhverfi sitt á eigin forsendum - þau eru vísindamennirnir og listamennirnir. Sérstaða verkefnisins er þverfagleg samvinna í safnfræðslu og byggir á farsælu samstarfi Gerðarsafns og Náttúrufræðistofu Kópavogs undanfarin ár.

Á þremur árum verða sköpuð fjölbreytt verkefni sem vekja áhuga barna á nærumhverfi þeirra í gegnum rannsóknir á náttúrunni með tólum myndlistar. Verkefnið er og verður unnið í nánú samstarfi við menntasvið Kópavogsbæjar og leikskóla og grunnskóla bæjarins. Verkefnið verður einnig unnið í samstarfi við menntavísindasvið Háskóla Íslands, þar sem háskólanemar í myndlistarkennslu munu þróa vinnustofur sem útvíkka áherslu fræðslustarfsins til almennra gesta safnsins. Með stuðningi safnaráðs, verður verkefnið leitt af sérfræðingi í myndlist og listkennslu í samstarfi við verkefnastjóra miðlunar í Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu Kópavogs. Verkefnið er unnið í anda stefnumörkunar safnaráðs um safnastarf þar sem unnið er markvisst að því að styrkja náttúru- og menningarläsi barna og fjalla um málefni tengd heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, s.s. varðandi loftslagsmál og sjálfbærni. Myndlist og vísindi verða könnuð saman, tengsl þeirra eru sett í forgrunn þannig að sjóndeildarhringur barnanna breiðkar og menntun þeirra á hvoru sviði fyrir sig er sett í samhengi við hitt.

### Gljúfrasteinn - hús skáldsins: *Gljúfrasteinn í 20 ár - nýr kafli.*



Heildarstyrkur er kr. 9.500.000 og skiptist á þrjú ár (með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs); fyrir árið 2023 kr. 4.000.000, 2024 kr. 4.000.000 og lokaárið 2025 kr. 1.500.000.

Á árinu 2024 verða 20 ár liðin frá því Gljúfrasteinn - hús skáldsins, heimili og vinnustaður Halldórs Laxness og fjölskyldu, var opnað sem safn. Á þessum tímamótum hefst nýr kafli í sögu safnsins. Markmiðið er að klára *Jónstótt*, þar verður fyrsta aðkoma gesta og rými til að dvelja í sögunni, innandyra og utandyra. Í *Jónstótt* verður einnig ný aðstaða starfsfólks og umhverfið í kringum húsið verður að barn-

vænu útivistarsvæði. Fyrirhugað er að opna öll rými Gljúfrasteins í fyrsta skipti og því þarf að aðlaga sýningar og fara í rannsóknarvinnu til að fá sem réttasta mynd af lífi fjölskyldunnar í húsinu. Á Gljúfrasteini verða tvö herbergi, sem núna eru notuð fyrir starfsemi safnsins, gerð að barna- og unglingaherbergi á sitt hvoru tímabili í sögu fjölskyldunnar. Þannig heiðrar safnið fjölskylduna í heild sinni. Sérstök viðtalsrannsókn verður framkvæmd til að fanga rétta andann. Eldhúsið verður tekið í notkun sem sýningarrými vegna flutninga starfsmanna- aðstöðu í *Jónstótt*. Bílskúrinn breytist í sýningarrými, svokallaðan svartan kassa (e. *black box*) þar sem hægt verður að sýna kvikmyndir og annað myndbandsefni. Þá er þarft að geta boðið gestum til sætis í þessu rými. Hljóðleiðsagnir verða endurnýjaðar og miðlunarefni fyrir börn og safnfræðsla fyrir skólahópa endurgerð. Þá verður hljóðleiðsögnin þýdd á fleiri tungumál, vefur safnsins verður endurhannaður og útbúin kynningarmynd. Þessar breytingar gera að verkum að gestir safnsins fá betra og greiðara aðgengi að sögunni sem Gljúfrasteinn miðlar.

### Menningarmiðstöð Þingeyinga: *Tímamót í skráningu, varðveislu og miðlun hjá Myndlistarsafni Þingeyinga.*



Heildarstyrkur er kr. 11.500.000 og skiptist á þrjú ár (með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs); fyrir árið 2023 kr. 4.500.000, 2024 kr. 5.000.000 og lokaárið 2025 kr. 2.000.000. Megintilgangur verkefnisins er að skrá, varðveita og miðla dýrmætri safneign Myndlistarsafns Þingeyinga á fullnægjandi hátt, til að tryggja að hann varðveitist til komandi kynslóða. Það er Menningarmiðstöð Þingeyinga afar mikilvægt að hafa betri yfirsýn yfir safneignina, sem er í eigu Myndlistarsafns Þingeyinga, þar sem henni er treyst fyrir varðveislu hennar en því hlutverki hefur ekki verið sinnt sem skyldi um langa hríð. Endurbætur á varðveislurými myndlistareignar eru

aðkallandi með fyrirhuguðum breytingum á einingum og uppsetningu við geymslu verka og þörf á aðkeyptri sérfræðipækningu til forvörsluþátta.

Skráning safnkostarins á viðunandi og öruggan hátt er ein af lykilforsendum þess að hann varðveitist á öruggan hátt en gerir hann einnig vænan til miðlunar. Allt eru þetta mikilvægar grunnstoðir í safnastarfinu. Lögum samkvæmt skal veita fólki aðgang að safnkostinum og stuðla að aukinni þekkingu á þessari arfleifð og skilningi á tengslum hennar við umheiminn. Því er nauðsynlegt að bæta úr óviðunandi skráningarformi með yfirfærslu í fullkomnara kerfi og fullvinna alla grunn-, ný og lokaskráningu safneignarinnar. Einnig verður skráning útlánsverka lagfærð og varðveisla verka í útláni yfirfarin.

## Listi yfir úthlutanir úr safnasjóði 2023

Styrkþegi	Nafn verkefnis	Úthlutun	Styrkur
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Nýr vefur Borgarsögusafns Reykjavíkur - Stafræn miðlun	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Museum Next í London	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Vistaskipti starfsmanns til Den gamle by í Árhúsum	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Hleðslunámskeið Fornverkaskólans á Árbæjarsafni	Aukaúthlutun	600.000 kr.
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Gagn og gaman!	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.200.000 kr.
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Litapaletta tímans, Ísland í lit 1950-1970	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Sýnileiki kvenna í íslenskri ljósmyndasögu - framhald	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.800.000 kr.
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Sarpur: Uppfærsla menningarsögulegs skráningar- og umsýslukerfis	Öndvegisstyrkur 22-24 - úthlutað 2023	4.800.000 kr.
Byggðasafn Árnesinga	Stafræn kynning á heimasíðu og samfélagsmiðlum	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Árnesinga	Þátttaka í Farskóla íslenskra safnamanna 2024	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Árnesinga	Varðveisla til framtíðar á Byggðasafni Árnesinga - efling grunnstarfsemi	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	500.000 kr.
Byggðasafn Árnesinga	Myndvæðing safnmuna fyrir Sarp	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000 kr.
Byggðasafn Árnesinga	Áfram skal haldið með fræðslu á Byggðasafni Árnesinga	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.300.000 kr.
Byggðasafn Árnesinga	Ásgrímsleiðin	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000 kr.
Byggðasafn Borgarfjarðar - Safnahús Borgarfjarðar	Farskóli - Akureyri 2023	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Borgarfjarðar - Safnahús Borgarfjarðar	Fræðadagar safnafólks á Vesturlandi	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Borgarfjarðar - Safnahús Borgarfjarðar	Upphlutir og annað skart	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	500.000 kr.
Byggðasafn Borgarfjarðar - Safnahús Borgarfjarðar	Baðstofulíf	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.800.000 kr.
Byggðasafn Dalamanna	Geymslur og vinnurými I	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000 kr.
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Samfélagsmiðlar og heimasíða	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Hafnarfjarðar	EAUH 2024 - Cities at the Boundaries	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Hjónin í kassahúsinu - Ljósmyndasýning	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	600.000 kr.
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Lögreglan í sögunni - Þemasýning (vinnuheiti)	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Skráningarátak og bætt varðveisluaðstaða muna í geymslu.	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000 kr.

Styrkþegi	Nafn verkefnis	Úthlutun	Styrkur
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Farskóli safna og safnafólks árið 2024	Aukaúthlutun	150.000 kr.
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Samstarfsverkefni safna, setra og sýninga á Norðurlandi vestra	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Þjóðbúningafræðsla fyrir safnafólk. Annar hluti.	Aukaúthlutun	600.000 kr.
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Skráningarverkefni	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000 kr.
Byggðasafn Reykjaneshæjar	Myndir á nýjan vef og kynning	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Reykjaneshæjar	Þátttaka í farskóla 2024	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Reykjaneshæjar	Fallvarnir vegna jarðskjálftahættu	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000 kr.
Byggðasafn Reykjaneshæjar	Frágangur safnkosts	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Byggðasafn Reykjaneshæjar	Ný grunnsýninga Byggðasafns Reykjaneshæjar	Öndvegisstyrkur 23-25 - úthlutað 2023	3.000.000 kr.
Byggðasafn Skagfirðinga	Stafræn miðlun og fræðsla	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Skagfirðinga	Farskóli FÍSOS 2024	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Skagfirðinga	Varðveisla handverksþekkingar - torfhleðslunámskeið í Skagafirði	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Skagfirðinga	Heildaryfirsýn yfir safnkost	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.400.000 kr.
Byggðasafn Skagfirðinga	Safn og samfélag	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Byggðasafn Skagfirðinga	Stafræn hljóðleiðsögn í Glaumbæ	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000 kr.
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið	Náms- og kynnisferð á Beamish - Englandi	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið	Hjartastaður - Fyrirlestrarröð um Snæfellsnes frá 1900	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið	Árna og Önnu stofa	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	500.000 kr.
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið	Skotthúfan 2023	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	600.000 kr.
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið	Tilraunastofa Árna Thorlacius	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	800.000 kr.
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið	Skráning safnmuna	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.800.000 kr.
Byggðasafn Vestfjarða	Farskólinn 2024	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Vestfjarða	Varðveisluhúsnæði	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafn Vestfjarða	Umgengni í geymslum safna - hvað þarf að hafa í huga?	Aukaúthlutun	300.000 kr.

Styrkþegi	Nafn verkefnis	Úthlutun	Styrkur
Byggðasafn Vestfjarða	Úttekt á safnkosti bátasafns	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	900.000 kr.
Byggðasafn Vestfjarða	Viðbrögð við eftirliti safnaráðs	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	900.000 kr.
Byggðasafn Vestfjarða	Eilífa bið eftir engu - sögur úr köldu stríði	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000 kr.
Byggðasafn Vestfjarða	Endurskoðun grunnsýningar	Öndvegisstyrkur 23-25 - úthlutað 2023	3.000.000 kr.
Byggðasafnið á Garðskaga	Símenntun fyrir starfsmenn Byggðasafnsins á Garðskaga	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafnið á Garðskaga	Ljósmyndun og skráningu muna í Sarp.is	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.400.000 kr.
Byggðasafnið Hvoll	Handleiðsla forvarðar	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	600.000 kr.
Byggðasafnið Hvoll	Flutningur safns í nýtt húsnæði. Ný grunnsýning og varðveisla safnkosts til framtíðar	Öndvegisstyrkur 21-23 - úthlutað 2023	2.000.000 kr.
Byggðasafnið í Görðum Akranesi	Efling stafrænnar kynningar á Byggðasafninu Görðum, Akranesi	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafnið í Görðum Akranesi	Farskóli FÍSOS 2024 á Akureyri	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Byggðasafnið í Görðum Akranesi	Skráning safngripa í Sarp	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000 kr.
Byggðasafnið í Skógum	Forvarsla myndlistaverka úr pappír og ljósmynda	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000 kr.
Byggðasafnið í Skógum	Forvarsla textíla á grunnsýningu Skógasafns	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.100.000 kr.
FÍSOS - Félag íslenskra safna og safnmanna	Safnablaðið Kvistur	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000 kr.
FÍSOS - Félag íslenskra safna og safnmanna	Farskóli FÍSOS 2023 - Safnaheimsókn til Hollands	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000 kr.
Flugsafn Íslands	Flugmódelismiðjur fyrir börn	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	300.000 kr.
Flugsafn Íslands	Konur í flugi - rannsókn á þátttöku kvenna í íslensku flugi fyrr og nú	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000 kr.
Flugsafn Íslands	Flugsafn til framtíðar - varðveisla og skráning safnkosts	Öndvegisstyrkur 21-23 - úthlutað 2023	4.000.000 kr.
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	Símenntun I Feneyjartvíæringurinn	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	Vistaskipti Gerðarsafns og listasafna í Helsinki	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	Varðveislurými til framtíðar	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	Hamskipti í ferli Gerðar Helgadóttur	Öndvegisstyrkur 21-23 - úthlutað 2023	5.800.000 kr.
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs og Náttúrustofa Kópavogs	Náttúra í gegnum linsu myndlistar	Öndvegisstyrkur 23-25 - úthlutað 2023	2.000.000 kr.
Gljúfrasteinn - hús skáldsins	Hinar mörgu myndir Erlendar	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.400.000 kr.
Gljúfrasteinn - hús skáldsins	Gljúfrasteinn í 20 ár - nýr kafli	Öndvegisstyrkur 23-25 - úthlutað 2023	4.000.000 kr.
Grasagarður Reykjavíkur	Stafrænn Grasagarður	Aukaúthlutun	300.000 kr.

Styrkþegi	Nafn verkefnis	Úthlutun	Styrkur
Grasagarður Reykjavíkur	Ferð starfsmanns Grasagarðsins á alþjóðaráðstefnu Grasagarða	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Grasagarður Reykjavíkur	Söfnun íslenskra plantna í safndeild íslensku flórunnar í Grasagarði Reykjavíkur	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	500.000 kr.
Grasagarður Reykjavíkur	Skráning ljósmynda í gagnagrunn	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.200.000 kr.
Hafnarborg	Átak til uppfærslu á heimasíðu	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Hafnarborg	Farskóli 2024	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Hafnarborg	Á mínu máli - safnfræðsla á erl. tungumálum	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.200.000 kr.
Hafnarborg	Jónína Guðnadóttir - útgáfa	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Heimilisiðnaðarsafnið	Fótfesta á samfélagsmiðlum	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Heimilisiðnaðarsafnið	Ferða- og fundarstyrkur vegna sýmenntunar	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Heimilisiðnaðarsafnið	Fatnaður almúgafólks á 18. og 19 öld.	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Heimilisiðnaðarsafnið	Ný heimasíða Heimilisiðnaðarsafnsins	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	700.000 kr.
Heimilisiðnaðarsafnið	Skráning - myndskráning	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.250.000 kr.
Hvalasafnið á Húsavík	Hvalir við Bermúdaeyjar	Aukaúthlutun	200.000 kr.
Hvalasafnið á Húsavík	Leiðsögukerfi fyrir hópa	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	300.000 kr.
Hvalasafnið á Húsavík	Birtingarefni fyrir stafræna markaðssetningu	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Hvalasafnið á Húsavík	Museums + Heritage í London	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Hvalasafnið á Húsavík	Gagnvirk upplýsingaskilti um hvali	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Hvalasafnið á Húsavík	Jón lærði og Íslands Náttúrur	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000 kr.
Hvalasafnið á Húsavík	Heildræn sýningarhönnun til framtíðar	Öndvegisstyrkur 20-22 - úthlutað 2023	6.000.000 kr.
Hönnunarsafn Íslands	Stafræn kynningarmál sniðin að erlendum gestum	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Hönnunarsafn Íslands	Markþjálfun í teymisvinnu	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Hönnunarsafn Íslands	Nærvera - Sýning á verkum eftir Ýr Jóhannsdóttur textílhönnuð	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Hönnunarsafn Íslands	Ný grunnsýning í Hönnunarsafni Íslands - Hönnunarsafnið sem heimili	Öndvegisstyrkur 21-23 - úthlutað 2023	1.500.000 kr.
Hönnunarsafn Íslands	Átak í skráningu og grisjun	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000 kr.
Hönnunarsafn Íslands	Sýningarskrá / bók með grunnsýningunni Hönnunarsafnið sem heimili	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000 kr.
Iðnaðarsafnið á Akureyri	Ljósmyndun safnmuna og skráning í Sarp.	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	800.000 kr.
Íslandsdeild ICOM	Verkefni Íslandsdeildar ICOM 2023	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.300.000 kr.

Styrkþegi	Nafn verkefnis	Úthlutun	Styrkur
Kvikmyndasafn Íslands	Uppsetning kvikmyndasýningarsalar á Kvikmyndasafni Íslands	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000 kr.
Kvikmyndasafn Íslands	Rannsóknir á Kvikmyndasafni Íslands	Öndvegisstyrkur 21-23 - úthlutað 2023	4.000.000 kr.
Landbúnaðarsafn Íslands	Líf á miðlum Landbúnaðarsafns	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Landbúnaðarsafn Íslands	Farskóli safnamanna	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Landbúnaðarsafn Íslands	Miðlun á sögu laxveiða	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Landbúnaðarsafn Íslands	Skráning munasafns Landbúnaðarsafns Íslands	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Landbúnaðarsafn Íslands	Saga laxveiða í Borgarfirði	Öndvegisstyrkur 22-24 - úthlutað 2023	4.000.000 kr.
Listasafn ASÍ	Höfundarverk Kristins Péturssonar - rannsóknir, skráning og varðveisla	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	500.000 kr.
Listasafn ASÍ	Ráðstefna um styrkjakerfi listasafna	Aukaúthlutun	600.000 kr.
Listasafn ASÍ	Altaristafla Samúels í Selárdal	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	700.000 kr.
Listasafn ASÍ	Myndlistin og sjálfsmynd þjóðar - stafræn miðlun og fræðsla	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	800.000 kr.
Listasafn Árnesinga	Námskeið fyrir listamenn og listkennara (Masterclass)	Aukaúthlutun	200.000 kr.
Listasafn Árnesinga	Farskóli 2024	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Listasafn Árnesinga	Einkasýning Ragnheiðar Jónsdóttur, Kosmos / Kaos 90 ára afmælisýning	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.600.000 kr.
Listasafn Árnesinga	Afmælisýning Listasafns Árnesinga - safn í 60 ár	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.800.000 kr.
Listasafn Einars Jónssonar	LEJ norður	Aukaúthlutun	200.000 kr.
Listasafn Einars Jónssonar	Fræðsluheimsókn í V&A	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Listasafn Einars Jónssonar	Tími, tilvist & tileinkun: Hamskipti í Listasafni Einars Jónssonar 2023	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.800.000 kr.
Listasafn Einars Jónssonar	100 ára afmæli fyrsta listasafns landsins sem opnað var almenningi í eigin húsnæði	Öndvegisstyrkur 22-24 - úthlutað 2023	5.000.000 kr.
Listasafn Háskóla Íslands	Forvarsla safneignar Listasafns Háskóla Íslands 2023	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.700.000 kr.
Listasafn Reykjaneshæjar	Einn staður betra aðgengi. Ný heimsiða Listasafns Reykjaneshæjar.	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Listasafn Reykjaneshæjar	Fræðsluferð til Feneyja	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Listasafn Reykjaneshæjar	Einkasýning Bryndísar Hrannar Ragnarsdóttur.	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	800.000 kr.
Listasafn Reykjaneshæjar	Afbygging stóriðjunnar í Helguvík - Libia Castro og Ólafur Ólafsson	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000 kr.
Listasafn Reykjaneshæjar	Yfirlitssýning á verkum Valgerðar Guðlaugsdóttur ásamt samsýningu samferðafólks.	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur	Kynning og efnisvinna fyrir nýja vefsíðu Listasafns Reykjavíkur	Aukaúthlutun	300.000 kr.



Styrkþegi	Nafn verkefnis	Úthlutun	Styrkur
Listasafn Reykjavíkur	Fræðsluferð starfsfólks Listasafns Reykjavíkur til London í Englandi 19.-22.9.2024	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur	Grænar lausnir í Kunstmuseum Wolfsburg	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur	Skráningarátak í safneign Listasafns Reykjavíkur	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur	Listasafn Reykjavíkur - sagan í ljósi starfsemi og safneignar	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.300.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur	Forvarsla í safneign Listasafns Reykjavíkur	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.400.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur	Ný sýn - safneign Listasafns Reykjavíkur, tilurð og samsetning	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur	Með eigin höndum - Ásmundur Sveinsson og handverk í samtímalist	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur	Rannsóknir, konur og íslensk listasaga	Öndvegisstyrkur 21-23 - úthlutað 2023	4.000.000 kr.
Listasafnið á Akureyri	Aukin athygli á fræðlustarf Listasafnsins á samfélagsmiðlum	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Listasafnið á Akureyri	Fræðsluferð í Listasöfn	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Listasafnið á Akureyri	Allt til enda - Listvinnustofur barna í Listasafninu á Akureyri	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000 kr.
Listasafnið á Akureyri	Afmæli, Norðlenskir listamenn	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Listasafnið á Akureyri	30 ára afmæli Listasafnsins, 6 sýningar	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000 kr.
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	Mannvist á Mýrum - Rafræn miðlun	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	Myndlæsi og minningabrot	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	Cobra, ljósálfur og manndýr- barnamenning á Hornafirði	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	800.000 kr.
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	Jöklar - sýningarröð	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000 kr.
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	Forvörn og stöðumat- varðveisla listaverka	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000 kr.
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Farskóli FÍSOS á Akureyri 2024	Aukaúthlutun	200.000 kr.
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Kynning á völdum ljósmyndasöfnum í safneign Ljósmyndasafns Þingeyinga	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Grisjun á óskráðum og óþekktum munum í safneign Menningarmiðstöðvar Þingeyinga	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.400.000 kr.
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Endurbætur með breytingu á fastasýningum í Sjóminjasafni og byggðasýningu MMP í Safnahúsinu á Húsavík	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Umbætur á sýningu á Byggðasafni Norður-Þingeyinga að Snartarstöðum	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	3.000.000 kr.
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Tímamót í skráningu, varðveislu og miðlun hjá Myndlistarsafni Þingeyinga	Öndvegisstyrkur 23-25 - úthlutað 2023	4.500.000 kr.
Minjasafn Austurlands	Símenntun: Röð og regla á söfnum.	Aukaúthlutun	150.000 kr.

Styrkþegi	Nafn verkefnis	Úthlutun	Styrkur
Minjasafn Austurlands	Farskóli safnafólks á Akureyri	Aukaúthlutun	200.000 kr.
Minjasafn Austurlands	Skapandi arfleifð III - Safnfræðsluverkefni Minjasafns Austurlands í tengslum við BRAS	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	500.000 kr.
Minjasafn Austurlands	Leyndardómar Valþjófsstaðahurðarinnar: Fræðsla - þrautir - leikir	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	900.000 kr.
Minjasafn Austurlands	Húsnæðisbylting Minjasafns Austurlands	Öndvegisstyrkur 21-23 - úthlutað 2023	3.000.000 kr.
Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti	Forvarsla textíla á Minjasafni Egils Ólafssonar	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000 kr.
Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti	Minjasafnið að Hnjóti í 40 ár	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000 kr.
Minjasafnið á Akureyri	Grímseyjarferð	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Minjasafnið á Akureyri	Sagan í lit - skönnun og skráning litmynda	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.800.000 kr.
Minjasafnið á Akureyri	Fagurkerinn frá Fagraskógi - skráning Davíðshúss	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000 kr.
Minjasafnið á Bustarfelli	Efling á stafrænni kynningu	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Minjasafnið á Bustarfelli	Skráning gripa í Sarp	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	500.000 kr.
Minjasafnið á Bustarfelli	Varðveisla menningararfða - Bustarfellsdagurinn	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	500.000 kr.
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Kannað í Kópavogi- Fræðslu og kynningarherferð á Náttúrufræðistofu Kópavogs	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Vistaskipti við gerð grunnsýningar	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Ísland í tímans rás	Öndvegisstyrkur 21-23 - úthlutað 2023	3.900.000 kr.
NKF-IS félag norrænna forvarða - Ísland	Námskeið í umhirðu og eftirliti með sögulegum byggingum og safnahúsnæði	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	660.000 kr.
Nýlistasafnið	Stafrænt Nýlól í raunheimum	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Nýlistasafnið	Ferð starfsmanna Nýlistasafnsins á Fenejartvíæringinn 2024	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Nýlistasafnið	Jaðarinn er miðjan: Söfn og viðspyrna í samtímanum	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Nýlistasafnið	Gjörningamaráðun - lifandi safneign	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	700.000 kr.
Nýlistasafnið	Haustsýning Nýlistasafnsins 2023	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	800.000 kr.
Nýlistasafnið	Varðveisla á tímategndri myndlist - 1. hluti	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Safnasafnið	Fyrirlestrar um sýningar og örnámskeið	Aukaúthlutun	200.000 kr.
Safnasafnið	Vefsíða Safnasafnsins	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Safnasafnið	Þing The European Outsider Art Association í Gent 2024	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Safnasafnið	Skráning	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000 kr.

Styrkþegi	Nafn verkefnis	Úthlutun	Styrkur
Safnasafnið	Útgáfur 6 bóka	Öndvegisstyrkur 21-23 - úthlutað 2023	3.500.000 kr.
Sagnheimar - Byggðasafn og Náttúrugripasafn	Farskóli á Akureyri 2024	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Sagnheimar - Byggðasafn og Náttúrugripasafn	Hönnun og uppsetning sýningar á uppstoppuðum fuglum í eigu Sagnheima, náttúrugripasafns	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000 kr.
Sagnheimar - Byggðasafn og Náttúrugripasafn	Flokkun og skráning muna í gagnagrunninn Sarp	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.700.000 kr.
Sauðfjársetur á Ströndum	Fylgst með ferðum sauðkinda yfir sumarið	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Sauðfjársetur á Ströndum	Farskóli safnmanna 2024	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Sauðfjársetur á Ströndum	Í takt við tímann - tæknimiðlun á safninu	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	800.000 kr.
Sauðfjársetur á Ströndum	Ullarfléttan - ný sérsýning	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.800.000 kr.
Síldarminjasafn Íslands	Skráning ljósmynda & notkun Fotostation	Aukaúthlutun	200.000 kr.
Síldarminjasafn Íslands	Gerð kynningarmyndbands í markaðsskyni	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Síldarminjasafn Íslands	Alþjóðlegt þing sjóminjasafna / ICMM Congress 2024	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Síldarminjasafn Íslands	Námskeið fyrir safnafólk á Norðurlandi: Varðveisla málverka	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Síldarminjasafn Íslands	Komið reiðu á safnkostinn; þriðji áfangi	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000 kr.
Sjóminjasafn Austurlands	Ljósmyndun og skráning safnmuna í varðveisluhúsi safnsins í Sarp.	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.600.000 kr.
Tækniminjasafn Austurlands	Farskóli 2024	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Tækniminjasafn Austurlands	Starfsþjálfun/-kynning safnvarðar Tækniminjasafns á Síldarminjasafni	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Tækniminjasafn Austurlands	Kvenna- og kynjasöguráðstefna á Austurland	Aukaúthlutun	600.000 kr.
Tækniminjasafn Austurlands	Forvarsla kafarabúnings	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	800.000 kr.
Tækniminjasafn Austurlands	Frumhönnun grunnsýningar Tækniminjasafns í endurreistu Angró	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000 kr.
Tækniminjasafn Austurlands	Búðareyrin - saga umbreytinga	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000 kr.
Tækniminjasafn Austurlands	Heildarúttekt, grisjun og skráning safnkosts - UPPFÆRÐ UMSÓKN	Öndvegisstyrkur 22-24 - úthlutað 2023	5.000.000 kr.
Veiðisafnið	Símenntun fyrir starfsmenn safns - Endurmenntunar/safnaferð til Írlands áfangi 4 - 2024	Aukaúthlutun	300.000 kr.
Veiðisafnið	Ljósmyndun safnmuna Veiðisafnsins og skráning í Sarp. Áfangi I	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000 kr.
Pórdís Anna Baldursdóttir	Handbók um skráningu textíla.	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.200.000 kr.
<b>Alls 202 styrkir</b>		<b>Samtals kr.</b>	<b>234.310.000</b>


## Greining á úthlutun úr safnasjóði 2023

### Skipting eftir úthlutunum

Bróðurparti úthlutaðs fjár var útdeilt í aðalúthlutun eða 89% af heildarúthlutun ársins, þar af fóru 58% til eins árs styrkja en 31% til Öndvegisstyrkja.

Línúmerki	Styrkir	Fjöldi	Hlutfall
Aðalúthlutun 2023 - Eins árs styrkur	136.510.000	101	58%
Aðalúthlutun 2023 Öndvegisstyrkir 2020-2022 <sup>9</sup>	6.000.000	1	3%
Aðalúthlutun 2023 Öndvegisstyrkir 2021-2023	31.700.000	9	14%
Aðalúthlutun 2023 Öndvegisstyrkir 2022-2024	18.800.000	4	8%
Aðalúthlutun 2023 Öndvegisstyrkir 2023-2025	16.500.000	5	7%
Aukaúthlutun 2023	24.800.000	82	11%
<b>Samtals</b>	<b>234.310.000</b>	<b>202</b>	<b>100%</b>

### Hvernig starfsemi styrkti safnasjóður 2023?



Það er áhugavert að skoða hvers konar verkefni eru algengust en þó getur verið flókið að flokka styrki eftir viðfangsefni. Í mörgum eins árs styrkjum í aðal- og aukaúthlutun, þar sem umsækjendur merkja við viðfangsefni umsóknar, er auðvelt að flokka umsóknina en Öndvegisstyrkir og margir stærri eins árs styrkir taka oft á tíðum yfir vítt starfssvið safnanna og því ekki augljóst hvar beri að

flokka þá.

Í huga gestsins, byggist safnastarfið að mestu á miðlunar- og fræðsluhlutverkinu. En safnafólk og áhugafólk um safnastarf gerir sér grein fyrir hvað faglega starfið sem fram fer innan safnsins er gríðarlega viðamikil. Mörg önnur viðfangsefni eru styrkt, svo sem reksturinn sjálfur, samstarf og símenntun starfsmanna.

Ef reynt er að skipta styrkjum eftir áður nefndum þremur flokkum; miðlun, faglegu starfi og svo öðrum þáttum, kemur í ljós að miðlunarpátturinn er viðamestur. 50% heildarstyrkupp-hæðar úr safnasjóði fara í þann þátt, tæpar 117 milljónir króna. Undir miðlun fellur sýningar-hald, stafræn miðlun, útgáfa, safnfræðsla og önnur fjölbreytt miðlun. 38% heildarstyrkupp-hæðar, rúmar 88 milljónir króna, styrkja faglegt starf safnanna en undir það fellur m.a. skráning, rannsóknir og varðveisla. Í aðra þætti safnastarfsins fara 12% af styrkfénu eða rúmar 29 milljónir króna. Það eru t.d. símenntunarverkefni, sum rekstrarverkefni og samstarfsverkefni ýmis konar.

<sup>9</sup> Einn styrkþegi Öndvegisstyrks 2020-2023 fékk tveggja ára frest á nýtingu styrks.



## V. Eftirlitshlutverk safnaráðs

Eitt meginhlutverk safnaráðs samkvæmt safnalögum er að hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum sem starfa eftir skilmálum safnaráðs um starfsemi viðurkenndra safna.

Samkvæmt samþykkt safnaráðs er eftirlit þess með viðurkenndum söfnum þrjúþætt en einnig teljast skýrslur um nýtingu styrkja úr safnasjóði hluti af eftirliti safnaráðs. Eftirlit safnaráðs með viðurkenndum söfnum skiptist í:

1. Eftirlit með rekstri safns.
2. Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum.
3. Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum.

### 1. hluti eftirlits – Eftirlit með rekstri safns

Eftirlit með rekstri safns er árlegt eftirlit sem er framfylgt með því að viðurkennd söfn skila *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna* til safnaráðs líkt og þeim ber skylda til samkvæmt safnalögum. Á árinu 2023 skiluðu söfnin skýrslu vegna rekstrarársins 2022 og var skilafrestur 8. nóvember 2023. Gögn, sem safnað er með þessum hætti, nýtast ráðinu bæði við eftirlit með starfi viðurkenndra safna og til að fá yfirsýn yfir safnastarf í landinu.

### 2. hluti eftirlits – Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum

Annar hluti eftirlits með viðurkenndum söfnum er framkvæmt af eftirlitshópi safnaráðs og er verkferlið nú þróað í samstarfi við hann.

Ferlið er með þeim hætti að viðurkennd söfn skila eftirlitseyðublöðum til safnaráðs um húsnæði safns og aðbúnað gripa, skilað er bæði gögnum fyrir sýningarhúsnæði sem og varðveisluhúsnæði. Í kjölfarið fá söfnin matsskýrslu eftirlitshóps með athugasemdum og tillögum að úrbótum.

Úrbótum er skipt í þrjá flokka eftir eðli og kostnaði. Safn fær 12 mánuði til að bregðast við úrbótum sem að mati eftirlitsaðila eru ekki kostnaðarsamar. Safn fær tvö til fimm ár til að bregðast við úrbótum sem teljast viðameiri. Eftirlitinu lýkur svo með heimsókn eftirlitsaðila úr hópnum og því getur ferlið tekið nokkur ár.

Ef safnaráð og eftirlitshópur telja að safnið hafi staðist eftirlitið, fær það tilkynningu þess efnis. Ef frekari úrbætur eru nauðsynlegar, eru næstu skref metin af safnaráði. Hægt er að lesa nánar um ferlið á vef safnaráðs.<sup>10</sup>

### Staðan á öðrum hluta eftirlits 2023

Á árinu 2023 fengu alls 11 söfn heimsókn eftirlitsaðila. Hins vegar voru aðeins fjögur söfn af þeim 11 sem lokið gátu öðrum hluta eftirlits en sjö söfn gátu ekki lokið þessum kafla af ýmsum ástæðum, í langflestum tilvikum var um að ræða ófullnægjandi varðveislurými.

Eitt safn fékk eyðublöð til útfyllingar sem forvörður á vegum safnaráðs skrifaði matskýrslu upp úr og hefur safnið fengið skýrsluna afhenda.

Vandi þessara sjö safna er misalvarlegur en varðveislumál eru helsta ástæða þess að söfn ná ekki að ljúka þessum hluta eftirlitsins. Í sumum tilvikum er um margþættan vanda að ræða sem krefst tíma svo hægt sé að vinna að úrbótum. Verkefni eru mistímafrek en heimsóknarskýrslurnar veita eigendum safnanna, sem ábyrgðina bera, góða yfirsýn yfir þau verkefni þar sem þörf er á úrbótum.

Á árinu 2022 voru gerðar viðbætur á eftirlitseyðublaðinu og þrepum bætt við til að tilgreina alvarleika málsins hverju sinni. Því hefur verið fylgt eftir árið 2023 og söfn fá annað hvort símaviðtal við eftirlitsaðila eða aðra heimsókn eftir því sem við á.

### Prepin eru eftirfarandi

1. **Nokkur atriði sem þarfnast úrbóta:** Safn upplýsir safnaráð um að úrbótum sé lokið innan 12 mánaða.
2. **Mörg atriði sem þarfnast úrbóta:** Safn upplýsir safnaráð um áætlanir um úrbætur innan 12 mánaða.
3. **Alvarlegar athugasemdir. Uppfyllir ekki skilyrði safnaráðs til viðurkenndra safna:** Safn skal innan 6 mánaða upplýsa safnaráð um áætlun að úrbótum sem safnaráð þarf að samþykkja. Safn er undir sérstöku eftirliti safnaráðs.

Í 1. þrepi eru 10 söfn þar sem nokkur atriði þarfnast úrbóta. Í 2. þrepi eru fimm söfn þar sem atriðin eru mörg sem þarfnast úrbóta en aðeins þrjú söfn eru í 3. þrepi þar sem alvarlegar athugasemdir eru gerðar og brýnt að vinna að úrbótum við fyrsta tækifæri.

Þá standa níu söfn eftir, en fjögur þeirra fá eftirlitsheimsókn árið 2024, og tvö af þeim fá heimsókn 2025. Þrjú söfn eru í óvissuflokki, sem hefur ekki breyst á milli ára: Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði, sem stórskemmdist þegar aurskriða féll á stóran hluta húsakosts safnsins í desember 2020, Grasagarður Reykjavíkur, sérstaða safnsins krefst sérþekkingar sem er ekki fyrir hendi eins og staðan er í dag og Byggðasafn Dalamanna, þar ríkir óvissa þar sem eigendur safnsins hafa selt húsakostinn og nýr staður fyrir safnið hefur ekki verið fundinn.

Umfang eftirlitsins hefur vaxið því eftirfylgni þeirra safna sem ekki hafa lokið öðrum hluta eftirlits er flókin og oft eru aðstæður safna með þeim hætti að þau hafa ekki úrræði til að gera úrbætur. Gerð hefur verið tilraun til að búa til stöðuskjal sem hægt er að senda á söfn og óska eftir upplýsingum um stöðu mála þegar frestur til úrbóta er runninn út.

---

<sup>10</sup> Sjá á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/eftirlit-med-vidurkenndum-sofnum/eftirlit-med-husakosti-safns-adbunadi-safnkosts-varðveislu-gripa-og-oryggismalum/>

Ávinningur af eftirlitinu er mikilvægur fyrir annars vegar, lögbundið hlutverk safnaráðs en einnig hefur heimsókn forvarða nýst söfnum vel til samtals og ráðgjafar varðandi hin ýmsu mál. Eftirlitið getur einnig nýst sem góður gátlisti yfir það sem viðurkennt safn þarf að uppfylla, sem verkfæri til að styðja við faglegt innra starf og einnig hafa viðurkennd söfn lagt matsskýrsluna fyrir eigendur og í kjölfarið fengið frekara fjármagn til nauðsynlegra breytinga eða úrbóta.

Í eftirlitshópi safnaráðs starfa menntaðir forverðir. Árið 2023 voru eftirtaldir forverðir starfandi:

- Ingibjörg Áskelsdóttir
- Karen Þóra Sigurkarlsdóttir
- Kristín Gísladóttir
- Þórdís Baldursdóttir

## Viðurkennd söfn sem hafa lokið 2. hluta eftirlits safnaráðs

Heildarstaðan á eftirliti safna er að 20 söfn hafa lokið 2. hluta eftirlits.

Þau söfn eru eftirfarandi:

- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Byggðasafn Árnesinga
- Byggðasafn Hafnarfjarðar
- Byggðasafn Reykjanesbæjar
- Flugsafn Íslands
- Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs
- Hafnarborg - menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar
- Heimilisiðnaðarsafnið
- Hönnunarsafn Íslands
- Landbúnaðarsafn Íslands
- Listasafn ASÍ
- Listasafn Árnesinga
- Listasafn Reykjavíkur
- Menningarmiðstöð Hornafjarðar
- Menningarmiðstöð Þingeyinga
- Minjasafn Akureyrar
- Minjasafn Austurlands
- Nýlistasafnið
- Sauðfjársetur á Ströndum
- Veiðisafnið

### 3.hluti eftirlits – Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum

Eftirliti með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum skal framfylgt með úttekt sérfræðinga á staðnum og gögnum eftir þörfum.

Eftirlitið er með skráningarstyrkjum sem fást úr safnasjóði og eru skráð í Sarp, en Rekstrarfélag Sarps hefur verið í samstarfi við safnaráð vegna verkefnisins frá árinu 2021. Bæði starfsmenn Sarps og skráningarráð Sarps eru samstarfsaðilar safnaráðs vegna þriðja hluta eftirlitsins en einnig verður unnið að gerð gátlista/staðals um skráningu og þróun á verkferli við eftirlitið. Í eftirlitinu felst m.a. að skráningarumsóknir þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur til að teljast styrkhæfar. Því er óskað eftir auknum upplýsingum í umsóknum um styrki til skráningar. Með umsókn í safnasjóð vegna skráninga í Sarp, skuldbindur umsækjandi sig til að fylgja reglum sem gilda um þær skráningar og setja sig í samband við viðeigandi þjónustuaðila áður en verkefnavinnan hefst.

Verklag við eftirlitið var endurskoðað og einfaldað á árinu. Áður voru öll styrkt skráningarverkefni undir eftirliti en nú eru ákveðin söfn, sem hljóta skráningarstyrki, valin til eftirlits. Þessi misserin mæðir reyndar mikið á starfsfólki Sarps við þróun nýs skráningarkerfis, svo verkefnið hefur verið í ákveðnum hæzagang. Vonir eru bundnar við að nýtt kerfi geti stutt betur við verkefnið.

Enn sem komið er einskorðast eftirlitið við þá skráningarstyrki sem unnir eru í skráningargrunninn Sarp. Eftirlit vegna skráninga sem þegar hafa verið unnar verður útfært nánar síðar sem og eftirlit með skráningum sem eru gerðar í öðrum kerfum.

### Nýting styrkja úr safnasjóði

Styrkþegar úr safnasjóði þurfa að skila skýrslu til safnaráðs um nýtingu allra styrkja úr safnasjóði. Öllum skýrslum um nýtingu styrkja er skilað í gegnum umsóknaðef safnaráðs.<sup>11</sup>

Skýrslunum skal skilað í síðasta lagi ári eftir að verkefni lýkur en mælst er til að styrkþegar skili skýrslum um leið og verkefni lýkur. Heimilt er að krefjast endurgreiðslu, hafi verkefni sem hlotið hefur styrk, ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, einnig ef verkefnið hefur ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða ef lokaskýrslu hefur ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis. Ef styrkþegi þarf að óska eftir fresti á nýtingu verkefnastyrks úr safnasjóði, má finna eyðublað þar að lútandi á umsóknaðef safnaráðs.

Í aðalúthlutun vegna eins árs styrkja, er skilað áfangaskýrslu til safnaráðs vegna styrkja sem eru 1.500.000 kr. eða hærrí, þá er skilað lokaskýrslu vegna allra styrkja. Vegna *Öndvegisstyrkja* er skilað áfangaskýrslu fyrsta og annars árs og svo lokaskýrslu eftir þriðja árið. Í tilfalli aukaúthlutana er skilað lokaskýrslu vegna allra styrkja. 1. mars hvers árs er skiladagur allra skýrslna sem eru með skil það árið. Á árinu 2023 bárust 243 skilaskýrslur vegna úthlutana fyrri ára úr safnasjóði.

---

<sup>11</sup> Sjá á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/umsoknavefur/>



## Viðbragðsáætlanir fyrir safnkost

Ísland hefur nú staðfest Haag-samning UNESCO um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka frá 1954 og eru aðilar að samningnum skuldbundnir til að vernda menningarverðmæti ef til vopnaðra átaka kemur en jafnframt vinna forvarnarstarf á friðartímum, t.d. með skráningu á menningarverðmætum og gerð áhættumats og viðbragðsáætlana.

Menningarstofnanir eiga að undirbúa viðbragðsáætlanir ef hætta steðjar að. Íslenskar stofnanir munu útfæra verkefnið þannig að það taki mið af þeim hættum sem geta steðjað að íslenskum menningararfi. Verndun menningarverðmæta einskorðast ekki við vopnuð átök, á Íslandi er t.a.m. ógn af völdum náttúruhamfara og loftslagsbreytinga. Nýjustu dæmin um slíkt eru yfirstandandi eldsumbrot og jarðskjálftar á Reykjanesi sem ekki sér fyrir endann á.

Safnaráð mun stýra þessu verkefni þegar kemur að viðurkenndum söfnum á Íslandi. Undirbúningur hófst strax árið 2023 en safnaráð hefur fengið Nathalie Jacquemet, forvörð og safnafræðing, til liðs við verkefnið.

Eitt af þeim hlutverkum sem safnaráð hefur, samkvæmt lögum, er eftirlit og að setja reglur um húsnæði safna, þar á meðal um skráningarkerfi, aðgengi og öryggismál viðurkenndra safna. Því kemur það í hlut safnaráðs að fylgja þessu verkefni eftir með það að leiðarljósi að gæta að faglegri starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands og tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Forvarnir og viðbragðsáætlanir gegna lykilhlutverki við að tryggja menningararf okkar til framtíðar og því er mikilvægt að á hverju safni sé til viðbragðsáætlun gegn vá (e. Emergency Operations Plan) sem segir til um hvernig brugðist verður við aðsteðjandi vá svo afstýra megi áföllum.

Á árinu 2023 fór aðallega fram undirbúningsvinna. Ákveðið var að vinna með söfnum eftir landshlutum, bæði til að söfn geti leitað stuðnings hvert hjá öðru og unnið saman að forvörnum vegna áhættu sem getur verið bundin við ákveðið landsvæði. Nathalie Jacquemet hefur sett saman fjarnámskeið þar sem valin hópur safna tekur þátt í viðbragðsáætlana-gerð. Í lok námskeiðsins eru söfnin komin með viðbragðsáætlun og áhættumat í hendurnar sem eru svo endurskoðuð og uppfærð reglubundið.

Fulltrúar safna fá ítarlegt kynningarefni og leiðarvísi um gerð viðbragðsáætlana fyrir söfn auk þess hafa aðgang að samtali við helsta sérfræðing landsins í forvörnum og viðbragðsáætlanagerð safna.



# SAFNARÁÐ

The Museum Council of Iceland

Höfundar: Þóra Björk Ólafsdóttir og Klara Þórhallsdóttir  
Yfirllestur: Björg Björnsdóttir  
Útgefið af safnaráði 2024  
Samþykkt á 236. safnaráðsfundi